

LÖGMANNABLAÐIÐ

2. árg.

Janúar

1 / 1996

Um málskostnaðarákvarðanir dómara • 3

Starfssvið ólöglærðra starfsmanna á lögmannsstofum • 4

Af Merði lögmanni • 5

Um skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands • 6

Um mat á varanlegum miska og örorku • 7

Hvert stefnir í réttarfarslöggjöf um meðferð opinberra mála • 10

Kynferðisafbrot • 13

Ráðstefna um rekstur lögmannsstofu • 16

Dómar • 18

Félag lögfræðinga á Vestfjörðum • 20

Norræna lögfræðingapingið • 21

Ritdómar:

Vörumerkjaréttur • 17

Dómasafn á geisladisk. • 22

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Ástráður Haraldsson, hrl.

Jón G. Briem, hrl.

Sif Konráðsdóttir, hdl.

*Um
málskostnaðar-
ákvarðanir
dómara*

*—
Bls. 3*

*Um
skylduaðild að
L.M.F.Í.*

*—
Bls. 6*

*Hvert stefnir
í réttarfars-
löggjöf um
meðferð opin-
berra mála?*

*—
Bls. 10*


Fullkomið skjalavörslu- og málakerfi

Gott yfirlit yfir mál, erindi og samskipti við viðskiptavinum er lyklatríði fyrir þá sem vilja vinna markvisst og ná árangri. Nýherji hf. býður viðskiptavinum sínum fjölbreyttar lausnir með Lotus Notes hópvinnum og verkferlakerfinu sem farið hefur sigurför um allan heim.

Lotus Notes er sameiginlegur gagnagrunnur margra notenda. Við bjóðum fjölbreyttar lausnir til úrlausnar á ýmis konar viðfangsefnum. Þar á meðal er samskiptagrunnur sem geymir samskipti, skjöl og mál sem fyrirtækið á við sína viðskiptavini eða birgja.

Samskiptagrunnur gerir einum starfsmanni mögulegt að fylgjast með og setja sig á augabragði inn í samskipti við ákveðinn aðila þótt annar starfsmaður sjái að jafnaði um samskipti við viðkomandi.

Grunnurinn gefur viðtækt yfirlit yfir alla viðskiptavini, tengiliði, mál og samskiptaferli. Samskiptagrunnurinn er því mjög fullkomið skjalavörslu- og málakerfi.



NÝHERJI SKAFTAHLÍÐ 24 - SÍMI 569 7700 - FAX 569 7799

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara
Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

- Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:
- Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984
 - Dómar í félagarétti 1968-1988
 - Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982
 - Dómar um veðréttindi 1920-1988
 - Dómar í skaðabótamálum 1979-1988
 - Dómar í skaðabótamálum 1973-1978
 - Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

Um málskostnaðarákvarðanir dómara

Eitt af eilífðarumræðuefnunum meðal lögmannna eru málskostnaðarákvarðanir dómstóla og það ekki að ástæðulausu

Þegar dómara dæma málskostnað í einkamálum eru þeir að dæma skaðabætur til þess aðila, sem vinnur málið, fjárhæð sem gerir hann skaðlausan af því að hafa þurft að standa í málarekstrinum. Til þess að halda málsaðila skaðlausum af málarekstrinum, er ekki nóg að dæma honum fjárhæð, sem jafngildir þeim launum (þóknun), sem hann þarf að greiða lögmanni sínum, heldur þarf einnig að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði lögmannsstofunnar við málskostnaðarákvörðunina. Svo virðist sem dómara gleymi því oft að lögmannsstofur verða ekki reknar á loftinu einu saman.

Lögmannafélag Íslands
stofnað árið 1911
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími 568-5620
bréfsími 568-7057

Stjórn L.M.F.Í.
Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.,
formaður
Sigurmar K. Albertsson, hrl.,
varaformaður
Lárus L. Blöndal, hdl., ritari
Ásgeir Magnússon, hdl.,
gjaldkeri
Hreinn Loftsson, hrl., með-
stjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.
Marteinn Másson, fram-
kvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Prentun: Borgarprent h.f.
Umsjón auglýsinga:
Öflun ehf., sími 561-4440

Málskostnaðarákvarðanir dómara hafa oft komið til umræðu á málþingum dómara og lögmannna og síðast á málþingi vorið 1995. Þar gerði Gísli Baldur Garðarsson, hrl., grein fyrir rekstrarkostnaði lögmannsstofa. Á málþinginu var dreift upplýsingum til málþingsgesta um þetta efni. Fullur skilningur virtist ríkja meðal dómara á því að það kostaði fjármuni að reka skrifstofur. Þessi skilningur virðist þó hafa glatast einhvers staðar á leiðinni af málþinginu, a.m.k. hjá sumum þeirra.

Lögmenn geta þó ekki skellt allri ábyrgðinni á lágum fjárhæðum dæmde málskostnaðar og málsvarnarlauna á dómara. Dómara hafa einnig kvartað undan því að margir lögmenn geri litla sem enga grein fyrir málskostnaðarkröfum í málflytningu. Margir lögmenn líta á málskostnaðarkröfuna sem „sína“ kröfu, en ekki skaðabótakröfu skjólstæðingsins. Þeim finnst því allt að óviðkunnalegt að eyða miklu púðri í hana. Málskostnaðarkrafan er skaðabótakrafa umbjóðandans á hendur gagnadylanum og sem slík hefur hún ekki minna vægi en aðrar efniskröfur, sem málið er rekið um og því ber að fjalla vel og ítarlega um hana í málflytningu.

Lögmenn ættu alltaf að leggja fram málskostnaðarreikning. Ef reikningurinn er byggður á hagsmunatengdri gjaldskrá viðkomandi lögmannsstofu á að leggja afrit hennar fram í málinu. Síðan þarf að gera grein fyrir kröfunni í málflytningunum. Einn lögmaður, sem alltaf viðhefur þessi vinnubrögð,

tjáði mér að hans reynsla væri sú, að dómara tækju yfirleitt tillit til framlagðrar gjaldskrár lögmannsstofu hans við málskostnaðarákvarðanir. Ef málskostnaðarreikningurinn er byggður á tímavinnu, eins og t.d. alltaf á við í opinberum málum, verður að leggja fram afrit vinnuskýrslna. Þær þarf líka að rökstyðja. Sumir lögmenn telja sig sjá merki þess að dómara taki ekkert mark á tímaskýrslum. Dómara segja aftur á móti að stundum fleygi lögmenn í þá tímaskýrslum, án þess að fjalla síðan sérstaklega um þær eða gera grein fyrir þeim. Ef t.d. óvanalega mikill tími hefur farið í lestur dómafordæma er gott að koma inn á það í málflytningunum, að dómafordæmi hafi verulega þýðingu um úrslit málsins. Ef miklum tíma hefur verið varið til lestrar fræðiritra, þá þarf að gera grein fyrir þeim tíma á sama hátt. Oft er málið það umfangsmikið að tímafjöldinn skýrir sig sjálfur. Það tekur einfaldlega mikinn tíma að lesa sig í gegnum málið. Ef mikill útlagður kostnaður er í málinu er rétt að láta fylgja með ljósrít af þeim reikningum, sem greiddir hafa verið, með málskostnaðarreikningnum. Þetta á t.d. sérstaklega við í Hæstarétti, þar sem kostnaður við ágrípsgerð getur verið gríðarlegur. Þá þarf að gera grein fyrir ferðakostnaði, ef t.d. lögmaður frá Akureyri er í málflytningu suður í Reykjavík.

Með því að huga betur að þessum þætti málflytningu geta lögmenn vonandi stuðlað að sanngjarnari málskostnaðarákvörðunum dómstóla.

Starfssvið ólöglærðra starfsmanna á lögmannsstofum

- álit stjórnar L.M.F.Í.

Í haust barst stjórn Lögmannafélags Íslands bréf frá lögmanni, þar sem leitað var álits stjórnarinnar á nokkrum atriðum er varða starfssvið ólöglærðra starfsmanna á lögmannastofum, nánar tiltekið um möguleika lögmannna til að fela þessum starfsmönnum sínum að annast ýmis störf, sem hingað til hafa svo til eingöngu verið unnin af lögmonnum og löglærðum fulltrúum þeirra.

Í bréfi lögmannsins var leitað svara við fimm spurningum er varða ofangreint málefni. Í fyrsta lagi var spurt hvort það bryti gegn siðareglum L.M.F.Í. að láta ólöglærðan mann sjá um mætingar í umboði lögmanns á Akureyri, þar sem eru starfandi lögmenntaðir og einkaréttur lögmannna fyrir hendi skv. 5. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

Í öðru lagi hvort það bryti gegn siðareglum L.M.F.Í. að láta ólöglærðan mann sjá um mætingar í umboði lögmanns á Húsavík, þar sem er starfandi lögmaður á staðnum en einkaréttur lögmannna nær ekki til þess staðar.

Í þriðja lagi hvort það bryti gegn siðareglum L.M.F.Í. að láta ólöglærðan starfsmann sjá um mætingar í umboði lögmanns á Ólafsfirði, þar sem enginn lögmaður hefði skrifstofu og einkaréttur lögmannna næði ekki til.

Í fjórða lagi hvort munur væri á því að ólöglærði starfsmaðurinn mætti fyrir lögmanninn sjálfan eða aðra lögmennt.

Í fimmta lagi hvort það bryti gegn siðareglum L.M.F.Í. að láta ólöglærðan innheimtustjóra stjórna innheimtum í umboði lögmanns, þ.e. gera það sem lögmennt einir gerðu fyrir nokkrum árum, t.d. rita bréf, aðfararbeiðni, uppboðs-

beiðni, stefnur, semja um skuldir o.þ.h.

Í bréfi sínu benti lögmaðurinn m.a. á að með réttarfarabreytingum 1992 hefði eðli aðfarargerða og nauðungarsala breyst þannig að ekki væri lengur um dómsathafni að ræða og því næði lögbundinn einkaréttur lögmannna ekki lengur til þessara athafna. Á sinni stofu hefðu mál æxlast svo að sá starfsmaður, sem mest ynni að innheimtumálum, mætti við langflestar aðfarargerðir og uppboðsmál. Kvaðst lögmaðurinn ekki vilja starfa eða gera eitthvað, sem bryti gegn siðareglum L.M.F.Í. og óskaði því eftir afstöðu stjórnarinnar til fyrirspurna sinna.

Í svari stjórnar L.M.F.Í. komu eftirtalin sjónarmið fram, í sömu röð og spurt var um:

„1. Að mati stjórnar L.M.F.Í. er meginreglan sú, að lögmanni ber sjálfum að vinna þau verk sem krefjast lögfræðilegrar menntunar, þekkingar og reynslu eða hann lætur löglærðan fulltrúa sinn annast þau. Rökin að baki þessari reglu eru þau að viðskiptamenn lögmannna leita til þeirra vegna lögfræðilegrar menntunar þeirra, þekkingar og reynslu. Þeir mega búast við að lögmaðurinn sinni hagsmunum þeirra persónulega og af kostgæfni, eftir því sem framast er unnt. Við rekstur nútíma lögmannsstofu getur reynst óhjákvæmilegt að lögmaður láti starfsfólk, bæði löglært og ólöglært, vinna að einstaka verkefnum, en ávallt ber honum þó að fylgjast með störfum undirmanna sinna og ber hann persónulega ábyrgð á þeim störfum, sbr. t.d. 34. og 36. gr. siðareglu L.M.F.Í.

Flest verk á lögmannastofum eru þess eðlis að ávallt má búast við að reyni á lögfræðilega þekkingu þess, sem verkið vinnur. Um það hvort lögmaður geti látið ólöglært starfsfólk sitt sinna slíkum verkefnum að einhverju leyti telur stjórn L.M.F.Í. skipta verulegu máli hvort lögmaðurinn geti gripið inn í störf hins ólöglærða og leiðbeint honum. Möguleikar lögmannsins til þessa verða engir eða síðri sé verkið unnt utan lögmannastofunnar. Það hlýtur því að teljast vafasamt að lögmaður feli ólöglærðum starfsmanni sínum slík verkefni. Má í þessu sambandi benda á ákvæði 2. mgr. 4. gr. siðareglu L.M.F.Í., sem kveður á um að lögmaður megi á engan hátt stuðla að því, að þeir er ekki hafi lögmannsréttindi, fái unnt verk, sem skulu lögum eða venju samkvæmt aðeins unnin af lögmanni. Þetta ákvæði setur lögmonnum þröngar skorður um það hverjum þeir geta falið verkefni. Að mati stjórnar L.M.F.Í. mun það veikja stöðu lögmannna gagnvart viðskiptamönnum þeirra og gagnvart hinum ýmsu embættum fari menn að tíðka það að láta ólöglærða menn mæta fyrir sig og taka ákvarðanir, sem hingað til hafa verið í höndum lögmannna. Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, telur stjórnin það andstætt góðum lögmannsháttum að fela ólöglærðum starfsmanni þess háttar verk, þar sem reynt getur á lögfræðilega þekkingu og reynslu, sérstaklega á þeim stöðum þar sem lögmennt starfa og veita þjónustu.

2. - 3. Um svör við liðum tvö og

þrjú vísast til þess, sem fram kemur undir tölulið 1 hér að framan.

4. Að mati stjórnar L.M.F.Í. skiptir ekki máli hvort hinn ólöglærði starfsmaður er að mæta fyrir þann lögmann, sem hann starfar hjá, eða hvort hann mætir fyrir aðra lögmennt. Gilda um hvoru tveggja þau sjónarmið, sem nefnd er hér að framan.
5. Enn vísar stjórnin til svars undir tölulið nr. 1 hér að framan. Ítreka má þó það sjónarmið stjórnarinnar, að hún telur það skipta miklu máli hvaða möguleika lögmaður hefur til að grípa inn í störf ólöglærðs starfsmanns síns eða fyrir starfsmanninn að leita ráðlegginga hjá lögmanninum. Því sé óvarlegt að bera saman störf hins ólöglærða starfsmanns á skrifstofunni við störf hans eða annarra starfsmanna utan stofunnar.“ Stjórnin viðurkendi þó, þrátt fyrir þessi meginsjónarmið, að

þær aðstæður kynnu að vera fyrir hendi að nauðsynlegt reyndist fyrir lögmann að láta ólöglærðan starfsmann vinna eitthvert verk, sem að öðru jöfnu skyldi unnt af lögmanni, enda yrði réttarspjöllum ekki forðað með öðru móti. Einnig kynnu landfræðilegar aðstæður að réttlæta það að ólöglærðir

menn sinntu minni háttar verkum, þó þannig að tryggt væri að þeir hlittu fyrir mælum lögmannsins og að þeir tækju ekki ákvarðanir, sem gætu hakað lögmanninum ábyrgð gagnvart viðskiptamanni hans. Tilvik af þessu tagi bæri að skoða sem undantekningar frá meginreglu.

Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568 5620

Af Merði lögmanni

Mörður lögmaður sá það í fréttum um daginn að ráðherra í ríkisstjórninni hafði kallað lögmennt ræningja í umræðum á Alþingi. Ráðherrann var að ræða innheimtu stöðumælaseka á Akureyri og óheyrilega háan innheimtukostnað af þeim og hafði á orði að menn ættu að halda sig frá Akureyri í framtíðinni. Kollegum Marðar var tíðrætt um þessi ummæli og títuðu út af hneykslan þegar þeir ræddu þau. Stjórn LMFÍ hafði meira að segja „fornermast“ svo að hún hafði sent ráðherranum skrifleg mótmæli. „Tsi, tsi, skárrí er það nú viðkvæmni“ hugsaði Mörður. Mörður áttaði sig nefnilega á því að ráðherrann var alls ekki að gera lítið úr lögmonnum með þessum ummælum. Eftirlætishómenntir Marðar voru Andrésar Andar blöðin og þá sérstaklega sögur um Björnbandar. Það voru einstaklega viðkunnanlegir náungar. Þá hélt Mörður mjög upp á Kardimommubæinn. Bestu vinir barnanna þar voru ræningjarnir Kasper, Jasper og Jónatan. Ekki leidum að líkjast. Mörður gerði sér grein fyrir því að hann ætti sálufélaga í ráðherranum á sviði bókmennntanna. Ræningjatal ráðherrans gat

ekki bent til annars en að hann héldi líka upp á þessar sögur. Mörður og ráðherrann deildu því bókmennntasmekk. Ráðherrann þekkti greinilega „skönlitteratur“ þegar hann sá hann. Já, Mörður og ráðherrann áttu ýmislegt sameiginlegt. Mörður hafði reyndar reynt að kinka kolli til ráðherrans einn góðan veðurdag þegar hann mætti honum á leið sinni yfir Austurvöll, en ráðherrann virtist engin kennsl bera á þennan sálufélaga sinn.

Merði fannst hins vegar að ummæli ráðherrans um Akureyri og Akureyringa óviðkunnanleg. Móðir Marðar var ættuð frá Akureyri og Mörður átti erfitt með að fyrirgefa þessum nýfengna sálufélaga á sviði bókmennntanna þau ummæli. Merkillegt hvað eimdi lengi eftir af þessari ófund Húnvetninga í garð Akureyringa. Húnvetningar, sem hjuggu enn í útgröfnum moldarhólum, meðan Akureyringar voru farnir að snæða vinarbrauð og tala dönsku á sunnudögum. En hvað um það, Mörður var tilbúinn til að gleyma þessum orðum. Hann velti því meira að segja alvarlega fyrir sér að gefa þessum ráðherra atkvæði sitt í næstu kosningum.

Um skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins birtist grein eftir Guðmund Ingva Sigurðsson, hæstaréttarlögmann, þar sem hann setti fram sínar skoðanir á því hvort skylduaðild að Lögmannafélaginu væri æskileg eða ekki. Niðurstaða Guðmundar var sú að skylduaðild væri ekki aðeins æskileg, heldur beinlínis sjálfsögð. Undirritaður getur ekki fallist á þessa niðurstöðu.

En hver eru meginrökkin fyrir því að skylda lögmenntil að eiga með sér félag, eins og það er orðað í málflytjendalögunum?

Segja má að einu rökin, sem einhverju máli skipta og sem hníga að því að rétt sé að leggja á lögmenntil að hafa með sér félag, séu þau að með því móti er unnt að fela slíku félagi að annast um stjórnásluhlutverk, sem nauðsynlegt er talið að séu rækt og snúa að eftirliti með starfsemi lögmannta.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að starfsemi lögmannta eigi að sæta eftirliti. Hlutlægu, vel skipulögðu og nútímalegu eftirliti. Þeim markmiðum verður aldrei náð með því að fela okkur sjálfum að annast um það eftirlit. Það er ekki í samræmi við nútíma stjórnásluhætti að fela lögmenntum eða einhverjum hópi þeirra að hafa eftirlit með sjálfum sér eða öðrum lögmenntum.

Í raun er hér um að ræða arf eða leifar frá úreltum 18. og 19. aldar kansellí vinnubrögðum, sem við verðum að kasta fyrir róða. Það hlýtur að verða að vera hlutverk opinberrar stofnunar að annast um slíkt eftirlit.

Slík stofnun gæti um leið annast eftirlit með þeim öðrum, sem njóta stöðu opinberra sýslunarmanna og við lögmennt getum þá í sameiningu, þeir okkar sem kjósa að halda uppi Lögmannafélagi, tryggt



Ástráður Haraldsson, brl.

aðhald og gagnrýna skoðun á því hvernig stjórnvaldinu tekst til við að annast eftirlitshlutverkið.

Spurningin um skylduaðild er gjarnan tengd annarri spurningu, þ.e. því hvort rétt sé að tryggja lögmenntum einkarétt til að taka að sér rekstur mála fyrir dómstólum. Ég get ekki fallist á að svar við annarri spurningunni leiði sjálfkrafa til að hinni hafi um leið verið svarað.

Þannig má segja að einkaréttur lögmannta sé hagsmunamál, sem snúi ekki fyrst og fremst að lögmenntum sjálfum, heldur miklu fremur að sjónarmiðum um neytendavernd. Með því að tryggja að einungis þeir, sem hafa fullnægt tilteknum hæfisskilyrðum, megi rækja þennan starfa, er leitast við að tryggja að almenningur geti treyst því að þjónustan fullnægi

*Það er ekki í samræmi
við nútíma
stjórnásluhætti að
fela lögmenntum eða
einhverjum hópi
þeirra að hafa eftirlit
með sjálfum sér ...*

lágmarks gæðakröfum. En það er ekki hlutverk lögmannta að hafa áhyggjur af þessu. Við getum látið neytendasamtökum eða fulltrúum dómvaldsins eftir að hafa áhyggjur af þessu.

Minn virðulegi starfsbróðir, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, heldur því fram í grein sinni að með skylduaðildinni sé tryggt að Lögmannafélagið sé öflugri félagskapur en ella væri. Þessu er ég fullkomlega ósammála. Ég tel að hlutverk félagsins sem snúa að hagsmunagæslu, fræðslu, skemmtun og félagslegri samstöðu annars vegar og svo stjórnásluhlutverk félagsins hins vegar, séu í raun ósamrýmanleg. Í raun er Lögmannafélag Íslands geðklofa félag. Félag, sem ekki getur varið sig fyrir því að hafa innan sinna raða alla þá, sem einhver annar aðili ákveður að þar eigi að vera. Félag, sem jafnvel verður að una því að hafa innan sinna raða menn, sem alls ekki vilja vera þar. Við slík skilyrði er nánast vonlaust að félagið geti af einhverju viti rækt þau hlutverk, sem í raun eiga að vera meginhlutverk þess, þ.e. hagsmunagæsla, efling félagslegrar samstöðu, varðstaða um sjálfstæði og hugsjónir lögmenntskunnar.

Minn virðulegi starfsbróðir heldur því fram að það, að hluti lögmannta standi utan félagsins, leiði til þess að hinir, sem eru innan félagsins, muni einir bera kostnað af sjálfsagðri félagsstarfsemi, sem komi öllum til góða. Að mínu viti er það, að tryggja að einungis þeir, sem starfa innan félagsins og greiða til þess félagsgjöld, fái notið þjónustu þess, afar einfalt og sjálf-sagt að húa svo um hnútana.

Með starfrækslu opinbers eftirlits með starfsemi sýslunarmanna væri stjórnáslu, þeirri sem nú er í höndum Lögmannafélagsins, komið fyrir með þeim hætti, sem samræmist nútíma kröfum til eðlilegrar stjórnáslu. Með því að afnema um leið skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands fengist öflugra lögmannafélag, sem sjálft gæti ákveðið við hvaða verkefni það vill fást.

Um mat á varanlegum miska og örorku


1. Söguleg atriði

1.1. Austurríki og Þýskaland

Fyrstu þekktu „örorkutöflurnar“ eru frá því í lok 19. aldar frá Þýskalandi og Austurríki og voru tengdar slysatryggingum vegna vinnuslysá hjá fyrirtækjum í einkarekstri. Markmið taflanna var í raun ekki að meta miska í merkingunni færniskerðing, heldur að fá einhvern mælikvarða á upphæð bóta við mismunandi líkamstjón.

Fyrsta opinbera taflan um miska eða örorkustig er frá árinu 1890, „Das Wienerschema“. Vinnuslysatryggingafélag í Austurríki hafði skömmu áður sett á fót nefnd til að leggja mat á algengustu slysaafleiðingar hjá ófaglærðum iðnverkamönnum.

Þegar opinberar slysatryggingar voru síðar innleiddar í Þýskalandi höfðu þær venjur sem skapast höfðu í einkageiranum sterk áhrif á hvernig þær voru mótaðar. Tryggingarnar voru í háðum tilfellum tengdar atvinnutekjum. Sérstakir „tjónamatsmenn“ með lögfræðþekkingu og reynslu úr atvinnulífínu fengust við að ákvarða bótaupphæðir. Voru til grundvallar lögð vottorð lækna um eðli tjónsins og umfang, horfur þess slasaða og tengsl einkenna við slysið. Af þessu leiddi, að hið læknisfræðilega mat fékk fljótt afar mikla þýðingu fyrir endanlegt mat á bótafjárhæðum, eins og það hefur haft allar götur síðan. Þessi þróun hefur vafalaust leitt til þess, að farið var að tala um læknisfræðilega örorku (medicinsk invaliditet), m.a. í nágrannalöndum okkar, jafnvel þótt



Magnús Ólason.

fyrst og fremst væri litið til þess á hvern hátt líkamstjón hefði áhrif á vinnugetu þess slasaða.

1.2. Svíþjóð

Í Svíþjóð voru fyrst sett lög um fjárhagslega ábyrgð atvinnurekanda í vinnuslysum árið 1901. Í lögunum voru gefin upp miskastig, sem skyldu notuð við hin mismunandi slysaatvik, t.d. 50% við handarmissi, 25% fyrir missi á þumli, 20% fyrir blindu á öðru auganu, 10% fyrir heyrnarmissi á öðru eyra o.s.frv. Auk þess að taka tillit til skerðingar á vinnugetu skyldi taka tillit til sérstakrar fagþekkingar, ef hennar var þörf við vinnu hins slasaða.

Lög um vinnuslys (Yrkesskade-försäkringslagen, YFL) voru sett í Svíþjóð árið 1954. Var þar lögð áhersla á að meta hina raunverulegu óvinnufærni, en minna lagt upp úr töflumati. Vissum tryggingaskilmálum fylgdu þó töflur yfir miskastig fyrir sérstök tilvik líkamstjóna. Smám saman varð um að

ræða meira og minna hreinræktuð læknisfræðileg örorkumöt og varð tilhneiging til að forðast þau tengsl við vinnuáðstæður, sem höfðu einkennt YFL.

Stöðug endurskoðun hefur farið fram í Svíþjóð á lögum, sem varða bætur fyrir líkamstjón. Árið 1977 voru sett lög um atvinnusjúkdóma og atvinnuslys og beindist þá athygli manna einkum að tveimur þáttum við að bæta tjón, annars vegar að bæta áætlað tekjutap og hins vegar „lýti og mein“. Þessi aðferð hafði upphaflega verið sett fram af samnorrenum vinnuhópi, sem tryggingamálaráðuneyti Norðurlanda skipuðu árið 1963 og í vöru lækna og „tjónamatsmenn“ (sjá 1.3.).

Sænskur vinnuhópur, sem vann að töflugerð yfir líkamstjón árið 1977, hafði m.a. til viðmiðunar bandarískar töflur og norska töflu frá 1972, en einnig danskar tillögur að slíkum töflum. Síðan voru gerðar breytingar á þessum töflum og 1981 komu fyrstu eiginlegu miska-töflurnar í Svíþjóð, sem byggðu á þeirri færniskerðingu, sem líkamstjónið var álituð hafa valdið samkvæmt læknisfræðilegu mati.

Árið 1986 var síðan skipaður samstarfshópur fimm lækna, sem höfðu sérþekkingu í tryggingalæknisfræði, og fjögurra starfsmanna tryggingafélaga til að endurskoða miska-töflurnar frá 1981. Hópurinn byrjaði á því að endurskoðuð útgáfa þeirra gefin út árið 1988. Eftir fimm ára starf, árið 1991, litu síðan nýjar miska-töflur dagsins ljós, en þá hafði hópurinn m.a. haft samráð við alls 15 sérfræðinga innan átta sérgreina læknisfræðinnar. Í þessum töflum

var ekkert tillit tekið til hvernig tjón yrði bætt heldur einvörðungu tekið mið af færni (funktionsförmága) og miskastig miðuð við hámarks færniskerðingu fyrir hverja tegund líkamstjóns.

Þessar töflur hafa enn þann dag í dag ekki verið opinberlega teknar í notkun, en samkvæmt upplýsingum frá Solveig Almblad, skrifstofustjóra hjá sænsku umferðarslysaneftdinni (Trafikskadenämnden), er talið víst að svo verði frá og með 1. júní 1996. Hún upplýsti jafnframt, að frá sama tíma muni verða tilbúna til notkunar töflur yfir bótafjárhæðir, sem yrðu reiknaðar út frá miskastigi, óháð mati á starfsgetu eða starfsmenntun hins slasaða og tækju hvorki mið af launum hans eða svokallaðri grunnupphæð (basbelopp). Þá upplýsti hún, að 10% miski myndi væntanlega verða bættur með SEK 27.000 auk einhverra bóta fyrir tímabundnar þjáningar og miska, en hámarksmiski (100%) myndi verða bættur með SEK 700.000.¹

1.3. Norðurlöndin

Í Reykjavík var haldinn samnorrænn fundur um almannatryggingar árið 1960 (Socialförsäkringsmöte), en þar var ákveðið að freista þess að koma á fót starfsþópi, sem falið yrði að fá yfirsýn yfir hinar mismunandi miskatöflur sem giltu í vinnuslysatryggingum landanna og einnig að reyna að koma á samræmi við bótauppgjör. Árið 1961 skipuðu tryggingamálaráðherrar Norðurlandanna slíkan starfshóp og var einn læknir og

¹ Samkvæmt upplýsingum frá sænska tryggingafélaginu Folksam getur fólk í Svíþjóð tryggt sig vegna líkamstjóns og ákvarðar tryggingartaki mögulegar hámarksbætur, sem nú eru einföld til tífold s.k. grunnupphæð (basbelopp), nú SEK 35.700. Bætur skerðast um 1% á ári á aldrinum 25 - 50 ára og um 2% eftir það. Enn er stuðst við miskatöflur frá 1988 og 10% miski hjá einstaklingi yngri en 25 ára með hámarkstryggingu er því bættur með SEK 35.700.

einn embættismaður frá hverju landanna í hópnum. Var fyrsti fundur hópsins haldinn í Osló í september 1961 og síðan var fundað reglulega næstu tvö árin og að lokum í Osló í september 1963. Niðurstöður þeirrar vinnu, sem fram fór þessi tvö ár, voru síðan gefnar út. Voru töflur þær, sem þar voru samdar, til skamms tíma notaðar til viðmiðunar við örorkumöt, sem framkvæmd voru hér á landi (Det sjette nordiske social-försikringsmöde, Oslo; 1963).

2. Varanlegur miski

2.1. Skilgreining

Varanlegur miski er minnkun geta einstaklings til orðs eða æðis vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss.

Með varanlegum miska er átt við breytingu á heilsufarslegu ástandi einstaklings metið eftir læknisfræðilegum aðferðum.

Varanlegur miski vegna afleiðinga slyss er skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni óháð orsök og án tillits til starfsmenntunar, áhugamála eða annarra sérstakra þátta hjá hinum slasaða.

Miskastig er metið út frá læknisfræðilegum forsendum, þar sem ákveðið líkamstjón (einkenni hins slasaða í kjölfar slyss eða sjúkdóms) er metið út frá þeirri skerðingu á almennri færni sem það veldur, óháð orsök.

Varanlegur miski hefur á undanförunum misserum stundum verið kallaður læknisfræðileg örorka.

2.2. Miskatöflur

Við gerð töflu um varanlegan miska, sem örorkunefnd hefur samið, sbr. 10. gr. laga nr. 50/1993, hefur hliðsjón verið höfð af samþæfilegum töflum bæði austan hafs og vestan. Tafla þessi er alls ekki fullkomin og tekur ekki til allra þeirra hugsanlegra áverka, sem fram geta komið við slysfarir. Þá er nefndinni ljóst, að taflan þarf að vera í stöðugri endurskoðun á

sama hátt og gert hefur verið í nágrannalöndunum, sbr. framan-skráð.

Við mat á miska vegna fleiri en eins slyss eða þegar slyss hefur valdið miska á fleiri en einu líffæraakerfi sama einstaklings, er ekki hægt að leggja miskastig saman með einfaldri samlagningu. Þannig má til dæmis taka einstakling, sem hlotið hefur algjört sjóntap á öðru auga og jafnframt algjört heyrnar-tap á öðru eyra. Vegna sjónskerðingar er miski hans 20% og vegna heyrnarskerðingar 10%. Heildarmiski hans er ekki 30%, heldur 20% að viðbættum 10% af 80%, þ.e. $28\% [A + B(100 - A)\%]$.

Í miskatöflum er hvergi talað sérstaklega um verki, angst, þunglyndi eða heilkenni áfallastreitu, sem ekki er óalgengt eftir meiri háttar slysfarir. Verkir eru hins vegar vegnir inn í afleiðingar áverka á stöðkerfi, t.d. tognanir á hrygg (kafli III. A.c). Í því sambandi má geta þess, að tilhneigingar til lækkunar á miska vegna langvarandi verkja hefur gætt á seinni árum, sennilega samfara auknum skilningi læknisfræðinnar á eðli langvarandi verkja og auknum möguleikum til læknismeðferðar.

2.3. Starf læknis í örorkunefnd

Læknir, sem situr í örorkunefnd, þarf að hafa menntun og reynslu við mat og meðferð fólks, sem orðið hefur fyrir slysum, sem hafa langvarandi sjúkdómseinkenni í för með sér. Í sérstökum tilvikum er þó gert ráð fyrir að læknar nefndarinnar geti kallað sér til fulltingis sérfræðinga á ýmsum sviðum læknisfræðinnar.

Við mat á varanlegum miska þarf læknirinn að hafa upplýsingar um eðli áverka þess slasaða og hvert líffærafræðilegt og lífeðlisfræðilegt líkamstjón hefur orðið við slysið. Þessar upplýsingar fást með því að taka nákvæma sjúkrasögu af hinum slasaða og framkvæma á honum læknisskoðun, en einnig með því að afla vottorða eða greinargerða frá þeim læknum, sem

stundað hafa hinn slasaða í kjölfar slyssins. Mikilvægt er að gögn, sem fylgja matsbeiðnum til örorkunefndar, séu ítarleg. Auk sjúkrasögu er mikilvægt að kanna vel heilsufars sögu hins slasaða, svo greina megi einkenni hans, sem beinlínis er að rekja til viðkomandi slysaatburðar, frá einkennum sem viðkomandi ef til vill hafði fyrir slysið.

Ekki er óalgengt, að einstaklingur, sem slasast hefur og hlotið varanlegt tjón á líkama sínum, kenni slysinu og afleiðingum þess um margt sem miður hefur farið í lífi sínu. Það er því mikilvægt að kanna vel félags sögu þess slasaða, auk heilsufars sögu, fyrir og eftir slyss áður en miski vegna slyss er metinn.

Það, sem fyrst og fremst ber að skoða við mat á varanlegum miska, er hin svokallaða færniskerðing, sem orðið hefur vegna þeirra einkenna, sem hinn slasaði hefur og rekja má til slyssins. Þarf í því sambandi að kanna á hvern hátt slík skerðing hefur áhrif á getu viðkomandi einstaklings til að framkvæma athafnir daglegs lífs.

Að lokum er rétt að geta þess, að mikilvægt er að læknir, sem metur miska einstaklings, hafi engin persónuleg tengsl við hinn slasaða. Um hæfi til meðferðar einstaks máls gilda ákvæði stjórnýslulaga nr. 37/1993.

3. Varanleg örorka

3.1. Skilgreining

Örorka er breyting á hæfni einstaklings til að mæta persónulegum, félagslegum eða atvinnulegum kröfum.

Varanleg örorka verður til þegar einstaklingur á erfitt með að svara ytri kröfum vegna miska, einkum þeim sem starfsvettvangur hans gerir.

Varanlegur miski veldur einvörðungu örorku, þegar heilsufarsástand takmarkar hæfni einstaklingsins til að mæta athöfnum daglegs lífs. Þannig myndi missir

fremstu kjúku litlafingurs hægri handar skerða starfshæfni þess fingurs bæði hjá bankastarfsmanni og atvinnuþjálfari, en bankastarfsmaðurinn myndi síður hljóta af því örorku en þjálfari.

3.2. Mat á örorku

Örorka er metin með „ekki-læknisfræðilegum“ aðferðum. Við mat á varanlegri örorku vegur mat á miskastigi hins slasaða þó þungt.

Varanleg örorka nemur ekki alltaf sömu prósentutölu og miskastigið. Þannig getur tiltölulega lítill eða óverulegur miski hjá einstaklingi með mjög sérhæft starf í undantekningartilfellum vegið mjög þungt eins og áður sagði, en hjá þorra fólks myndi hann ekki valda neinni varanlegri örorku. Eins og áður er vikið að hafa sumar þjóðir kosið að líta alveg framhjá því að meta varanlega örorku, en ákvarðað bætur út frá þeim miska, sem metinn hefur verið og samið sérstakar bótatöflur (Finnland og væntanlega Svíþjóð á næsta ári).²

Hérlendis var lengi vel gengið út frá því, að örorka slasaðra einstaklinga væri jöfn því miskastigi (læknisfræðilegri örorku) sem metin var. Í mörgum tilfellum getur það staðist, en þegar miskastig er lágt eru líkurnar meiri fyrir því, að varanleg örorka sé ekki fyrir hendi eða sé a.m.k. lægri en sem nemur miskastiginu. Undantekningar frá þessu eru auðvitað fyrir hendi eins og litillega var vikið að hér að framan (þjálfari). Við tiltölulega hátt miskastig eru meiri líkur fyrir því, að varanleg örorka sé meiri en sem nemur miskastigi.

² Í þessu sambandi er rétt að benda á, að í þessum löndum býr fólk við allt önnur skilyrði hvað varðar bætur frá hinu almenna tryggingakerfi landanna og aðstaður því ekki samþæfilegar við þær sem ríkja hérlendis.

Athyglisverðar ráðstefnur erlendis

Að jafnaði berast til skrifstofu L.M.F.Í. í hverjum mánuði ýmsir bæklingar um margvísleg námskeið og ráðstefnur erlendis. Er sumt af því hengt upp á upplýsingatöfluna í anddyri hússins. Meðal athyglisverðra ráðstefna á næstu mánuðum má nefna eftirfarandi:

14.-16. febrúar: **The 24th International Company Lawyers' Conference**, í Vín, á vegum Management Centre Europe.

21.-23. febrúar: **The 4th International Charterparties Contemporary Issues Seminar**, í London, á vegum Lloyd's of London Press.

1.-2. mars: **Brussels/Lugano Revisited - The European Regime of Jurisdiction and Enforcement in Civil and Commercial Matters**, í Zurich í Sviss, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

1.-2. apríl: **Rethinking the Law Firm**, í Tel Aviv í Ísrael, á vegum International Bar Association og American Bar Association. Fjallar um stjórnun og rekstur lögmannsstofa.

1.-4. maí: **International Financial Law Seminar**, í Genf í Sviss, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

Þá hafa nokkrir bandarískir háskólar sent upplýsingar um framhaldsnám og sumarnámskeið á þessu og næstu árum.

Hvert stefnir í réttarfarslöggið um meðferð opinberra mála?

Með lögum nr. 19/1991 var lögfest ný réttarfarslöggið um meðferð opinberra mála. Lögin tóku gildi 1. júlí 1992 og er því komin nokkur reynsla af þessari nýju löggjöf í framkvæmd. Þegar frá eru taldar breytingar á meðferð mála fyrir héraðsdómi, þá voru hér ekki um að ræða stórvægilegar breytingar frá eldri löggjöf. Með nokkurri einföldun má segja, að málsmeðferðarreglur opinberra mála hafi verið aðlagðar að nokkru marki þeim reglum, sem gilt hafa um meðferð einkamála, sbr. nú lög nr. 91/1991. Að mínu mati og trúlega fleiri vantar enn nokkuð á að þar hafi nægilega verið að gert.

Eftir að hin nýja skipan dómstóla komst á eru engin frambærileg rök lengur fyrir því, að réttarfarslöggið um meðferð einkamála og opinberra mála séu í tveimur aðskildum lagahákkum. Meðan dómsmálafirvöld kjósa þá skipan, þá ber að kappkosta að aðlaga sem fyrst reglur hins opinbera réttarfars sem mest að reglum einkamálaréttarfarsins. Þar hefur bæði verið of hægt farið og of skammt gengið til samræmingar.

Ekki er ætlunin að fjalla hér sérstaklega um þá mörgu annmarka, sem ég tel enn vera á núgildandi réttarfarslöggið um meðferð opinberra mála. Sem dæmi þar um mætti þó nefna óeðlilega stóran hlut dómara í meðferð opinberra mála fyrir dómi, einkum við aðalmeðferð slíkra mála samkvæmt 129. gr. oml. Þar er enn gert ráð fyrir að dómari frumspyrji ákærða og öll vitni (59. gr. oml.) með áþekkingu hætti og í "gamla" kerfinu. Gildir hér einu hvort ákærandi eða verjandi leiða vitni. Veldur



Jónatan Sveinsson, brl.

þetta oft miklum vandræðagangi bæði hjá sækjanda og verjanda.

Hér hafa nýju lögin dregið með sér afleiðan af frá "gamla" kerfinu, þar sem dómari gætti í raun hagsmuna ákærvaldsins í allt of ríkum mæli, bæði í þeim tilvikum þegar ákærvaldinu var óskilt að fylgja eftir málum sínum fyrir dómi, svo sem raunin var á í flestum málum, en einnig í þeim málum sem ákærvaldinu var lögskyld að fylgja eftir og flytja fyrir dómi (stærstu málunum).

Sú grundvallarbreyting er nú orðin á, að ákærvaldinu er skylt að fylgja öllum sínum málum eftir

**Gildandi reglur
eru til þess fallnar að
grafa undan tiltrú
manna á óhlutdrægni
dómarans.**

fyrir dómstólum. Dómur skal reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram af ákærandi og verjanda við meðferð málsins fyrir dómi, þ.m.t. sönnunargögnum í formi munnlegra framburða vitna og hins ákærða. Hér er staða ákærvaldsins orðin áþekkt stöðu stefnanda í venjulegum einkamálum. Eðlilegast er því að sá málsaðili, sem leiðir vitni, frumspyrji það og síðan gagnaðili, svo sem reglur einkamálaréttarfarsins gera ráð fyrir. Sama ætti í raun að gilda um yfirheyrslur á ákærða. Hlutverk dómara ætti ekki að vera annað en að ganga úr skugga um, hvort ákærði gangist við sökum samkvæmt ákæru eða ekki.

Núgildandi reglur troða í raun upp á dómara verkum, sem að réttu lagi ættu að vera í höndum sækjanda og verjanda sem liður í sjálfrí sönnunarfærslu málsins, svo sem raunin er á í einkamálum. Gildandi reglur eru til þess fallnar að grafa undan tiltrú manna á óhlutdrægni dómarans. Hér er hann að óþörfu látinn ganga inn í hlutverk ákærvaldsins með óheppilegum og gamalkunnum hætti. Allt slíkt er til þess fallið að vekja tortryggni sakbornings og verjanda um óhlutdrægni dómarans. Slíkar reglur eru með öllu óþarfar í núgildandi kerfi og ber að afnema þær sem fyrst.

Sama gildir í raun um þær skyldur, sem virðast vera lagðar á dómara í þá veru, að sjá svo um að slíkt mál séu nægilega upplýst áður en þau eru tekin til dóms (til þessa bendir dómur Hæstaréttar Íslands frá 20. október 1994, í málinu 318/1994). Slík skylda vekur tilhneigingu hjá dómara til óeðlilegra og stundum óæskilegra afskipta af



Höfundur greinarinnar á málþingi L.M.F.Í. og Dómarafélags Íslands síðast liðið vor.

málatilbúnaði ákærvaldsins. Hér er verið að flækja dómara inn í einhvers konar eftirlit með málatilbúnaði ákærvaldsins með vafasömum hætti. Hér sýnist eðlilegast að byggja á þeirri meginreglu, að málið standi og falli með þeim málatilbúnaði af beggja hálfu, sem fram er færður fyrir dóminn.

Ætlun mín var að gera hér aðallega að umtalsefni lög nr. 37/1994, um breytingar á lögum nr. 19/1991, en lög þessi hafa að geyma nýskipan reglna um áfrýjun dóma héraðsdóms í opinberum málum og enn fremur málsmeðferðarreglur í slíkum málum fyrir Hæstarétti.

Lögin nr. 19/1991 höfðu ekki að geyma breytingar á rétti sakaðra manna til að áfrýja héraðsdómum í opinberum málum frá því sem áður var. Í greinargerð með lögunum var boðað að slíkar breytingar væru fyrirhugaðar. Þær breytingar komu síðan fram með lögum nr. 37/1994, svo sem áður greinir. Hinar lögfestu breytingar hafa nú verið felldar inn í meginmál laganna nr. 19/1991.

Þessar breytingar eru róttækari en menn almennt gera sér grein fyrir við fyrstu skoðun. Veruleg bót er að þeirri breytingu að nú eru samræmdar í nokkrum mæli réttarfarsreglur um áfrýjun héraðsdóma í

**... sakaðir menn
búa nú við skertan
áfrýjunarrétt ...**

einkamálum og opinberum málum. Má þar nefna reglurnar sem skylda þann, sem áfrýjunar óskar, til að greina með skýrum og skilmerkilegum hætti hver sé tilgangur áfrýjunarinnar. Sama gildir varðandi reglurnar um greinargerðir aðila til Hæstaréttar og tímatakmarkanir í þeim efnum. Allt gerir þetta gang áfrýjunarmála skilvirkari. Ýmsar reglur skilja þó einkamálin og opinberu málin að, svo sem lögbundinn atbeini ríkissaksóknara við áfrýjun opinberra mála, án tillits til þess hvor málsaðila æskir áfrýjunar, og mismunandi frestur aðila til ákvörðunar um áfrýjun. Þessar reglur tel ég rétt að endurskoða.

Ekki hefur tekist eins vel til með aðrar breytingar á áfrýjunarreglunum. Það alvarlegasta í þeim efnum er að lögin nr. 37/1994 þrengja með óhæfilegum hætti, að mínu áliti, rétt sakaðra manna til að áfrýja dómum til Hæstaréttar frá því sem áður var. Í þessum efnum verða menn að hafa hugfast, að hér er um að ræða mikilvæg

mannréttindi þegnanna. Skoðum þetta dálítið nánar.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að nefndarmenn hafa við frumvarpsgerðina haft hliðsjón af viðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950. Viðauki þessi var fullgiltur hér á landi þann 22. maí 1987 og hefur því lagagildi. Í 2. gr. viðaukans segir orðrétt:

1. Sérhver sá sem dómstóll finnur sekan um afbrot skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.
2. Réttur þessi getur verið báður undantekningum þegar um er að ræða minni báttar brot eftir því sem fyrir er mælt í lögum eða þegar fjallað er um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

Áfrýjunarreglur laga nr. 19/1991, sem voru í raun óbreyttar frá eldri lögum, veittu sökuðum mönnum fullnægjandi réttindi í þessum efnum. Um það tel ég ekki vera ágreining. Hitt verður að viður-

kennast, að mörgum þótti, þ. á m. þeim, sem fóru með mál af ákæruvaldsins hálfu og trúlega mörgum

**Með framanlýstum
dómi Hæstaréttar
tel ég komið
fordæmi ...**

öðrum, að sakaðir menn og/eða trúnaðarmenn þeirra færu ótæpulega með þessi réttindi. Þannig hefur verið talið að mörgum dómum í opinberum málum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar af litlu sem engu tilefni. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð grein fyrir þessum sjónarmiðum og nauðsyn þess að fækka slíkum málum. Birtar eru í greinargerðinni tölfraðilegar upplýsingar þessum sjónarmiðum til áréttingar.

Ég fæ ekki betur séð, en þessi síðast greindu sjónarmið hafi ráðið meiru um efni nágildandi áfrýjunarreglna en hyggilegt geti talist. Fórmarkostnaður þeirra lagfæringa, kjósi menn að nefna ráðstafanirnar því nafni, er sá, að sakaðir menn sitja uppi með takmarkaðri rétt til áfrýjunar héraðsdóma til Hæstaréttar en þeir áður höfðu. Á þetta einkum við í svokölluðum stærri málum. Skulu nú færð fyrir þessum sjónarmiðum mínum frekari rök.

Nágildandi áfrýjunarheimildir á dómum í opinberum málum er að finna í 147. gr. oml. Þar er efnislega kveðið á um að báðir aðilar (ákæruvaldið og hinn sakaði maður) hafi heimild til að áfrýja héraðsdómi í opinberum málum í því skyni að fá: a) endurskoðun á viðurlagaákvörðun, b) endurskoðun á niðurstöðum, sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna (refsheimilda), c) endurskoðun á niðurstöðum, sem eru byggðar á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi, d) ómerkingu á héraðsdómi og heimvísun máls, e) og loks frávisun máls frá héraðsdómi.

Nærtækast er að lögskýra þessi ákvæði á þann veg, að hér séu áfrýjunartilvik tæmandi talin, nema lögin opni aðrar áfrýjunarleiðir með sérstökum hætti. Samkvæmt þessu verður máli ekki áfrýjað í því skyni að fá hnekk niðurstöðu héraðsdóms, sem framar öðru er byggð á framkomnum sönnunargögnum í formi munnlegra framburða vitna og ákærða fyrir dómi. Þó er opnað fyrir slíka endurskoðunarmöguleika á 4. mgr. 159. gr. oml., en þó aðeins með sérstökum atbeina Hæstaréttar. Áfrýja verður þó málinu í öðrum lögmæltum tilgangi.

Allunna er að vitnaframburðir og framburðir ákærðra manna eru oft veigamestu sönnunargögnin í opinberum málum, þar sem ekki nýtur við viðurkenningar sakbornings á ákæruafnum. Niðurstæða slíkra mála ræðst því æði oft af mati héraðsdómarans á sönnunargildi slíkra sönnunargagna. Með lögum nr. 37/1994 er reynt að styrkja traustleika þessa vandasama mats (og trúlega einnig til að réttlæta skerðingu áfrýjunarréttarins) með því að heimila hinum reglulega dómara að kveðja með sér tvo aðra héraðsdómara til dómara starfa, þegar þannig stendur á að ákærði neitar alfarið sök og fyrirsjáanlegt er að niðurstæða málsins komi til með að ráðast af sönnunargildi munnlegra framburða fyrir dómi (1. mgr. 5. gr. oml.).

Þetta síðast greinda ákvæði breytir engu um það meginatriði þessa máls, að sakaðir menn búa nú við skertan áfrýjunarrétt, a.m.k. í þeim málum, þar sem niðurstæða mála hefur framar öðru byggst á sönnunargildi munnlegra framburða fyrir dómi. Þessi skerðing felur að mínu áliti í sér ástand, sem fer í bága við þær skuldbindingar, sem við gengumst undir með lögfestingu viðaukans nr. 7, frá 22. nóvember 1984, við Evrópusamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, frá árinu 1950.

Eftir gildistöku laga nr. 37/1994 taldi ég í fyrstu nokkra von til þess að Hæstiréttur mundi í framkvæmd

sjá svo um, með beitingu heimilda í 19. gr. laganna (nú 4. mgr. 159. gr. oml.), að þessi skerðing á áfrýjunarréttinum yrði ekki merkjanleg í framkvæmd. Í þeirri trú lét undirritaður síðast liðið vor reyna á þetta ákvæði við áfrýjun og meðferð hæstaréttarmálsins nr. 124/1995, en dómur gekk í málinu þann 8. júní sl.

Í greinargerð minni til réttarins var þess óskað, að tilgreind lykiltviti í málinu og ákærði sjálfur yrðu leidd til skýrslugjafar fyrir Hæstarétti, í því skyni að réttinum gæfist færi á að endurmeta niðurstöðu héraðsdómarans um sönnunargildi munnlegra framburða tilgreindra vitna og ákærða fyrir héraðsdómi. Er ekki að orðlengja það, að rétturinn hafnaði þessari ósk minni. Þrátt fyrir höfnunina taldi rétturinn sér heimilt að endurmeta sakarmat héraðsdómarans varðandi ákærulið, sem sýknað var af í héraði. Niðurstæða héraðsdómsins varðandi þann ákærulið var á þann veg, að sakargögn, þ.m.t. þau sönnunargögn sem þyngst vögu, þ.e. hinir munnlegu framburðir, væru ekki nægilegir til sakfellis. Þetta mat héraðsdómarans taldi meirihluti Hæstaréttar sér heimilt að taka upp, þrátt fyrir synjunina, og sakfella ákærða einnig fyrir þennan ákærulið og þyngja um leið refsinguna frá því sem ákveðið var í hinum áfrýjaða dómi.

Með framanlýstum dómi Hæstaréttar tel ég komið fordæmi, sem staðfestir í raun þá skerðingu á réttindum sakaðra manna til að áfrýja dómum í opinberum málum í þeim tilvikum, sem ég hef gert hér að umtalfni. Ég tel að slíkir menn búi nú um stundir við skert mannréttindi í þessum efnium í skilningi viðaukans nr. 7 við Evrópusamninginn um verndun mannréttinda og mannhelgi.

Fengur væri í því að lögmenn og aðrir þeir, sem málefnið kann að varða, láti í sér heyra á þessum nýja vettvangi skoðanaskipta og upplýsinga milli lögmanna, eða með öðrum hætti.

Pórir Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins:

Kynferðisafbrot

Nokkur orð um rannsókn þeirra og meðferð

Að beiðni ritstjórnar Lögmannablaðsins mun ég freista þess að gera nokkra grein fyrir rannsókn kynferðisafbrot, en eðli máls samkvæmt er margt líkt með rannsókn slíkra mála og annarra sakamála, þótt kynferðisafbrot séu um margt sérstæð.

Er þar fyrst til að nefna að reglur laga um meðferð opinberra mála eiga við um þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem lög þessi taka ekki til.

Með þessu ákvæði, sem er að finna í 1. gr. laga nr. 19, 1991, er með skýrum og ótvíræðum hætti mælt fyrir um þær starfsreglur, sem réttarvörslunni er ætlað að fara eftir í störfum sínum. Reglur þessar eru almennt ekki undanþægar, þótt þær séu heldur ekki með öllu afdráttarlausar um öll atriði. Þannig má nefna að víða í lögum er talað um að eitthvað skuli „að jafnaði“ gert eða að „leitast skuli við“ eða að einhvers skuli „gæta eftir fongum“, o.s.frv. Það sem þó oftast reynist haldbest, þegar lög eru óskýr eða óljós um eitthvert atriði, er heilbrigð skynsemi.

Þessu til viðbótar er tíðkanlegt við ýmis embætti að settar eru verklagsreglur af ýmsu tagi og eru þær byggðar á því sem hagfelldast er talið hverju sinni miðað við aðstæður, en þær breytast í sífellu svo sem kunnugt er. Verklagsreglur hafa einnig þann ótvíræða kost að meðferð mála verður markvissari og stuðla þær þannig að samræmi, sem skiptir miklu máli við úrlausn mála á síðari stigum.

Tekið er mið af úrlausnum dómstóla þegar settar eru reglur um meðferð mála, en fyrir dómi reynir á hvernig til hafi tekist við rannsókn. Í þessu sambandi má nefna DNA-rannsóknir og annað í þeim dúr, sem koma að góðu haldi á ýmsum sviðum réttarins svo og í atvinnulífi almennt. Af þessu má sjá, að nauðsynlegt er fyrir réttarvörsluna að huga að fleiru en laga- bókstafnum einum.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur eftir fongum gert sér far um að tileinka sér slík nýmæli við framkvæmd þeirra verkefna, sem til hennar eru lögð, en allt er þetta þó að nokkru háð fjárveitingum á hverjum tíma.

Á námsstefnu, sem haldin var 5. apríl 1995 í Borgartúni 6 í Reykjavík, um Neyðarmóttöku vegna nauðgunar og meðferð nauðgunarmála í dómskerfinu, greindi ég frá nokkrum atriðum um störf lögreglu og þeim reglum, sem lögreglu ber að fara eftir og mun ég hér gefa yfirlit um helstu reglur sem RLR styðst við þegar til rannsóknar er kæra um nauðgun svo það dæmi sé tekið.

Af augljósum ástæðum mun ég ekki sérstaklega gera að umtalsefni þau tilvik, þegar þolandi kynferðislegs ofbeldis leitast án atbeina lögreglu eða sérstakra stuðningshópa til neyðarmóttöku og kýs að taka ákvörðun síðar um það hvort kæru verði lýst, en verði kæru lýst síðar, mun það ferli, sem þá tekur við, að öllu verulegu leyti falla að því sem ég ætla mér að víkja að hér á eftir.

Reglum, sem um þessi mál gilda, má skipta í tvennt, þ.e. annars vegar reglur RLR um meðferð nauðg-

unarmála og er þar um að ræða stefnumörkun yfirstjórnar og hins vegar verklagsreglur RLR um kynferðisafbrot - nauðgun.

Fyrirnefndu reglurnar fjalla á hlutlægum hátt um atriði svo sem móttöku á kæru og viðmót gagnvart brotaþola, leiðbeiningum um málsmeðferð, ráðgjöf og stuðning, fyrstu aðgerðir lögreglu, sem miðast við það að kanna hvað hafi gerst, vilja brotaþola í því sambandi svo og varðveislu sýnilegra sönnunargagna, með því að hlutast til um læknisrannsókn o.fl. af því tagi. Síðarnefndu reglurnar fjalla um rannsóknatök slíkra mála í því skyni að festa í sessi viðurkenndar og skynsamlegar reglur, sem líklegar teljast til árangurs.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er ljóst að rannsókn lögreglu lýtur að eftirfarandi þáttum:

1. Staður og stund verknaðar

Svo sem mælt er fyrir um í réttarfarfarslögum skal rannsaka og afla allra tiltækra gagna um verknað þann, sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra, sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum, sem hald skal leggja á skv. X. kafla. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki, sem kunna að vera eftir brot.

Sjónarmið þessi eru áréttuð með ýmsum hætti í lögnum og nægir að benda á 116. gr. oml., en þar er

vikið að þessum atriðum á þann veg, að til þess að unnt sé að gefa út ákæruskjal, þurfa ákveðin atriði, sem þar er vikið að, að liggja ljós fyrir. Af þessu leiðir, að lögreglu ber eftir föngum að upplýsa um þessi atriði.

2. Aðilar máls (bandhafi ákærvalds/grunaður/sakborningur)

Samkvæmt ákvæðum laganna lýtur rannsókn að því að upplýsa brot sem til rannsóknar er og er því nauðsynlegt að skoða hverjir teljist aðilar máls. Þeir eru fyrst og fremst handhafi ákærvalds og sakborningur, en kærandi (þolandi misgerðar) hefur ekki stöðu málsaðila, þótt hann njóti ýmissa réttinda, en nokkurs misskilnings hefur gætt um þetta atriði.

Við rannsókn ber lögreglu að gæta réttinda sakbornings...

Við rannsókn ber lögreglu að gæta réttinda sakbornings og má benda á ákvæði VI. kafla oml., en þar er að finna fjölmörg ákvæði, sem tryggja eiga hlutlagni rannsóknarvalds. Þannig eru sakborningi eða verjanda hans játuð ýmis úrræði til íhlutunar um rannsóknaraðgerðir og réttindamál og heimilað að bera undir dómara ágreiningsatriði, sbr. 75. gr. oml. Úrskurði dómara má svo skjóta til Hæstaréttar Íslands, sbr. 142. gr. oml. Íhlutunarrétti brotapolu eru ekki gerð sömu skil þótt reynt sé eftir föngum að gæta þess að réttmætar atvagasemdir, sem hann kann að gera, séu skoðaðar af hlutlagni. Þá má minna á það nýmæli, sem tekið var upp í maímánuði 1994, varðandi löglærða talsmenn brotapolu. Hefur það þótt gefast afbragðsvel. Vert er þó að vekja athygli á því, að í umsögn rannsóknarlögreglustjóra í september 1990 um frumvarp til laga um meðferð opinberra

mála lýsti hann þeirri skoðun sinni, að ákvæði um löglærðastöð við fórnarlömb tiltekinna afbrota skorti og ættu þau heima á eftir VI. kafla frumvarpsins, sem fjallar um sakborning og verjanda. Þykir rétt að áreita þá skoðun að mikið hagræði væri að því að hugað yrði að réttindum og skyldum löglærðra talsmanna brotapolu við framkvæmd starfa þeirra.

3. Vitni - upplýsingaaðilar

Augljóst er, að ýmsar upplýsingar, sem lögregla aflar við rannsókn máls, eru fengnar annars vegar frá vitnum og svo hins vegar upplýsingaaðilum. Mikilvægt er að framburður vitnis, þess er það lýsir, sé byggður á sjálfs þess skynjun en ekki á því sem það hefur heyrt eða orðið áskynja á annan hátt, en mikið framboð er á allskonar upplýsingum, sem ekki varða heinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða af um (óbein sönnun - líkur). Er afar brýnt að slíkum upplýsingum sé haldið skýrt aðgreindum og þess gætt, að vitni geri sem nákvæmasta grein fyrir því hvernig það er að upplýsingum komið.

4. Opinberar skráningar

Opinber vottorð af ýmsu tagi eru mikilsverð gögn og eru þau óspart notuð af lögreglu, svo sem upplýsingar úr þjóðskrá, bifreiðaskrá, sakaskrá og ýmsum skrám öðrum, sem lögregla og opinberir aðilar halda. Virða verður heimildabrest stofnana til að láta lögreglu í té upplýsingar og verður þá að leita eftir úrskurði dómstóla, eftir því sem við á.

5. Læknisrannsókn - úrvinnsla

Skoðunarskýrslur lækna eru meðal mikilvægustu gagna sem lögregla aflar og má geta þess, að mikil ánægja er meðal lögreglumanna um það verklag, sem komið hefur verið á með stofnun Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á slyshadeild Borgarspítalans, nú Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Þá má nefna rannsóknir á geðhögum sakbornings sem tíðkaðar eru þegar vafi þykir leika á sakhæfi hans, en með núgildandi réttarfarslögum þótti rétt að draga úr gagngerri geðheilbrigðisrannsókn, en mæla í þess stað fyrir um einfalda athugun læknis eða sálfræðings til könnunar á því hvort þörf væri gagnarrar geðheilbrigðisrannsóknar.

6. Tæknirannsókn - úrvinnsla

Nýmæli á sviði raunvísinda gagnast lögreglu sem og öðrum og er reynt að fylgjast með því helsta sem þar er að gerast á hverjum tíma. Af hálfu RLR er lögd rík áhersla á vandaða meðferð sýnilegra sönnunargagna, sem aflað er við rannsókn máls og skráningu þeirra og vörslur og ber að áreita að menn haldi vöku sinni í þeim efnum og tryggji það ferli enn betur með ítarlegum reglum, sem þá einnig gilda utan RLR, en unnt verður á hverjum tíma að gera nákvæma og skilmerkilega grein fyrir vörslu sönnunargagna, því ekki er nóg að allt sé með felldu, heldur verður það einnig að virðast vera það. Við úrvinnslu og nákvæma skoðun á sýnilegum sönnunargögnum hefur um langt árabíl verið náð samstarf við rannsóknastofur Háskólans í réttarlæknisfræði og lyfjafræði auk ýmissa annarra stofnana, svo sem Iðntæknistofnunar.

... en beita verður því valdi, sem lögreglu er falið, ...

7. Réttarfarsefni

Á rannsóknarstigi reynir oft á störf lögreglu fyrir dómstólum. Má þar nefna ýmis þvingunarúrræði, sem réttlæt看legt þykir að beita í þágu rannsóknar, en beita verður því valdi, sem lögreglu er falið, af höfsemi. Er víða í lögum hvatt til varfærni í þeim efnum og ríkar

kröfur gerðar um rökstuddar grunsemdir til þess að þeim verði beitt. Röng meðferð opinbers valds kann að varða ríkissjóð bótaskyldu auk tjóns, sem ekki verður bætt með fé. Það er oftast sem maður verður

Röng meðferð opinbers valds kann að varða ríkissjóð bótaskyldu...

var við gagnrýni almennings að ekki þyki nógu hart fram gengið og tala þá menn um að sakborningur sé látinn laus eftir yfirheyrslu. Til þess liggja venjulegast augljósar ástæður, svo sem þær, að skilyrði gæsluvarðhalds eru ekki (lengur) fyrir hendi en óþarft er að fjölyrða um þær hér.

8. Tölulegar upplýsingar

Tölulegar samanburður, sem til-tækur er hverju sinni, er ávallt því marki brendur, að þegar rætt er um eitthvert tímabil þá eru fjölmörg mál til meðferðar á ýmsum stigum. Þannig stendur á að frá því breyting var gerð á almennum hegningarlögum með lögum nr. 40/1992 hefur orðið marktæk fjölgun á málum, sem lokið hefur með dómi. Það eru því efni til að tæpa á þeirri þróun, sem orðið hefur frá því breytingar voru gerðar á XXII. kafla almennra hegningarlaga. Þess ber að gæta, að samkvæmt heimild í 2. gr. alm. hgl., nr. 19/1940, hefur nýrri lögunum, nr. 40/1992, verið beitt um brot sem framin voru fyrir gildistöku þeirra eða allt til ársins 1989.

Sé fyrst vikið að fjölda dóma varðandi kynferðisafbrot, sem dæmd voru eftir alm. hgl., nr. 19/1940, fyrir breytinguna 1992, kemur í ljós samkvæmt þeim upplýsingum, sem mér eru tiltækar (í apríl 1995), að þá voru þeir frá árinu 1989 samtals 36 talsins og eru þá öll kynferðisafbrot talin með nema blygðunarsemisbrot. Samsvarendi tala fyrir lögin nr. 40/1992

frá árinu 1990 er 59 dómur. Þá kemur í ljós að refsing hefur þyngst nokkuð sbr. meðfylgjandi töflur varðandi eldri og yngri lögin, en þar er gerð grein fyrir fjölda dóma á báðum dómstigum varðandi öll kynferðisafbrot nema blygðunarsemisbrot, sýknudómum á báðum dómstigum og dæmdum skaðabótum og loks meðaltali dæmdrar refsivistar í mánuðum talið. Þá er tekið miðgildi refsivistar og dæmdra skaða-

bóta. Nauðgunarbrotum eru gerð samsvarandi skil. Skilorðsdómum verður að gefa nokkurn gaum en þó er ljóst, að sé sakfelld fyrir nauðgun, er sá dómur ekki skilorðsbundinn, a.m.k. virðist Hæstiréttur breyta skilorðsbundnum héraðsdómum í óskilorðsbundna dóma. Hins vegar er nokkuð um skilorðsbundna dóma í öðrum kynferðisafbrotum, svo sem vænta má, þótt ekki verði farið út í þá sálma hér.

Tafla 1

Almenn hegningarlög nr. 19/1940. Öll kynferðisafbrot nema blygðunarsemisbrot.

Dómstólar	Fjöldi dóma	Sýknu-dómar	Refsingar		Skaðabætur (kr.)	
			Meðallengd	Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi
Héraðsd.	36	9	12 mán.	9 mán.	243.333	200.000
Hæstiréttur	15	2+1*	22 mán.	18 mán.	385.714	300.000

*Einn sektadómur.

Tafla 2

Almenn hegningarlög, sbr. brl. nr. 40/1992. Öll kynferðisafbrot nema blygðunarsemisbrot.

Dómstólar	Fjöldi dóma	Sýknu-dómar	Refsingar		Skaðabætur (kr.)	
			Meðallengd	Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi
Héraðsd.	59	9	16 mán.	11 mán.	431.039	300.000
Hæstiréttur	23	2+1*	24 mán.	16 mán.	650.000	500.000

*Einn heimvísunardómur.

Tafla 3

Almenn hegningarlög nr. 19/1940. Nauðgunarbrot.

Dómstólar	Fjöldi dóma	Sýknu-dómar	Refsingar		Skaðabætur (kr.)	
			Meðallengd	Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi
Héraðsd.	12	3	22 mán.	18 mán.	364.286	300.000
Hæstiréttur	9	1	28 mán.	25,5 mán.	416.667	300.000

Tafla 4

Almenn hegningarlög, sbr. brl. nr. 40/1992. Nauðgunarbrot.

Dómstólar	Fjöldi dóma	Sýknu-dómar	Refsingar		Skaðabætur (kr.)	
			Meðallengd	Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi
Héraðsd.	21	2	23 mán.	15 mán.	481.591	450.000
Hæstiréttur	13	2+1*	32 mán.	18 mán.	833.333	500.000

*Einn heimvísunardómur.

Rekstur lögmannsstofu,

ráðstefna á vegum norska lögmannafélagsins

Í október síðast liðnum átti undirritaður, ásamt Guðmundi Þór Guðmundssyni, lögfræðingi og framkvæmdastjóra Aðgengis-Úrlausnar hf. (eða Ú-A), þess kost að sækja ráðstefnu norska lögmannafélagsins um rekstur lögmannsstofu.

Norska lögmannafélagið hefur gengist fyrir ráðstefnum sem þessari undanfarin ár og var þetta sú fimmta í röðinni. Þessa ráðstefnunna var að þessu sinni hvernig lögmenn gætu aukið gæði og afköst með réttari notkun tækninýjunga. Þar bar að sjálfsögðu hæst tölvutækni og var samhliða ráðstefnunni sýning, þar sem fyrirtæki sýndu nýjustu söluvörur sínar á því sviði.

Flutt voru erindi um þær breytingar, sem starfsumhverfi lögmanna er að verða fyrir vegna upplýsingabyltingarinnar, uppsetningu, viðhald og öryggi tölvukerfa, hug- og vélbúnaðarþarfir lögmanna, breytt hlutverk lögmanna-ritara og menntun þeirra, tölvusamskipti og Internet og hvernig lögmenn geti brugðist við þessum breytingum á sem árangursríkastan hátt. Þátttakendum var einnig skipt upp í vinnuhópa og hluti annars ráðstefnudagsins nýttur til að fjalla um einstök álitaefni, eins og þau koma fyrir hjá minni lögmannsstofum, hjá stórum lögmannsstofum og hjá lögmönnum, sem starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Fram kom að á fyrri ráðstefnum hefði mikið verið fjallað um hvort lögmenn þyrftu að tileinka sér tölvutækni. Nú væru slíkar raðdir þagnaðar og einungis um það fjallað hvernig best bæri staðið að nýtingu tækninnar.

Það virtist almenn skoðun að lögmenn, sem ekki nýttu sér möguleika á tölvuvæddri upplýsingaleit, myndu verða undir, bæði vegna þess að þeir yrðu ekki samkeppnishæfir hvað varðaði afköst, en ekki síður vegna þess að upplýsingabyltingin setti ný viðmið um fræðilegan grunn úrlausna og þar með um gæði lögmannaþjónustu. Þannig væri þess krafist að lögmenn tækju tillit til lögfræðilegra heimilda, sem enn hefðu ekki verið gefnar út á venjulegum pappír

Gott eigið upplýsingakerfi var eitt af því sem almenn samstaða var um að væri nauðsynlegt.

og að uppspretta slíkra heimilda yrði sífellt umfangsmeiri, meðal annars vegna alþjóðlegs samstarfs. Eina raunhæfa leiðin til að tryggja réttan grundvöll úrlausna og þar með gæði þjónustunnar væri því að hefja markvissa notkun lögfræðilegra gagnabanka. Áberandi var að flestir frummælendur virtust telja að lögfræðilega gagnabanka væri hagstæðast að nýta bæði á geisladiskum og í gegnum upphringisamband eða Internet. Fyrir aðgang að gagnabönkum á geisladiskum eða þar sem gögnin eru með öðrum hætti í vörslum notandans er oftast greitt fast gjald fyrir hvert notendaleyfi. Það hvetur til aukinnar notkunar, sem bæði þjálfar starfsmenn og eykur afköst þar sem uppflettingar í gagnabönkum eru yfirleitt fljótlegri en

leit í prentuðum heimildum. Alla jafna eru uppflettingar í slíkum gagnabönkum bæði fljótlegri og með notendavænna viðmóti en í gegnum upphringisamband, en ókosturinn er sá, að þeir verða óáreiðanlegir þegar lengra dregur frá seinustu uppfærslu þeirra og þjóna þá ekki nægilega vel þeim tilgangi að tryggja aukin gæði þjónustunnar. Þá koma gagnabankar með upphringisambandi eða Internettengingu til sögunnar, með aðgangi að þeim er oft hægt að brúa bilið frá seinustu uppfærslu. Yfirleitt er verulegur hluti kostnaðar við leit í þannig gagnabönkum notkunarbundinn, þannig að kostnaður eykst eftir því sem fyrirsurnirnar verða fleiri eða taka lengri tíma. Í Noregi hefur verið byggður upp mjög öflugur lögfræðilegur gagnabanki, Lovdata, sem hefur að geyma öll gildandi lög, verulegan hluta allra hæstaréttardóma, reglugerða og EES-gerða, aðgang að lögfræðilegum gagnabanka Evrópusambandsins, CELEX, og umtalsvert magn upplýsinga um fræðirit. Hægt er að fá aðgang að Lovdata á geisladiskum og eða í gegnum upphringisamband eða Internettengingu. Þrátt fyrir að áskrift að Lovdata sé dýr virtust allir á einu máli um að það væri hjálpartæki, sem norskir lögmenn gætu ekki verið án.

En ekki var einungis fjallað um upplýsingaleit og gagnabanka á lands- og/eða alþjóðlega vísu. Töluverð athygli beindist að upplýsingakerfum lögmannsstofanna sjálfra. Gott eigið upplýsingakerfi var eitt af því sem almenn samstaða var um að væri nauðsynlegt. Það þyrfti að geta varðveitt einstök

mál, haldið utan um tímaskriftir, gefið kost á því að kanna með skjótum hætti hvort ný mál yllu hagsmunaárekstri, haldið utan um uppsafnaða þekkingu með því að safna saman og flokka á tölvutæku formi formskjöl og skilað nauðsynlegum upplýsingum fyrir bókhaldskerfi. Almenn virtust menn nota nokkur minni forrit til þessara hluta og söknudu kerfis sem gæti

haldið utan um allt þetta, en væri þó svo einfalt, að venjulegt fólk gæti þýðst við það.

Í tengslum við þetta var einnig fjallað um nám fyrir lögmanna-ritara, sem norska lögmannafélagið hefur skipulagt. Var það mjög áhugavert og er þeirri hugmynd hér með komið á framfæri við stjórn LMFÍ að hún kynni sér þetta nám og hvort grundvöllur gæti ver-

ið fyrir slíku heima, þótt kannski væri með minna sniði.

Í heildina var ráðstefnan mjög vel undirbúin og gagnleg. Ef framhald verður á þessu ráðstefnuhaldi hjá norðmönnum treysti ég mér óhikað til að mæla með því við íslenska lögmenn að sækja þær. Ráðstefnugögn voru vönduð og ýmislegt gagnlegra upplýsinga um efni ráðstefnunnar þar að finna.

Einar Gunnarsson, bdl.

Vörumerkjaréttur - helstu meginreglur

eftir Jón L. Arnalds, héraðsdómara

Í síðasta tölublaði átti ritdómur þessi að birtast og gerði það að nokkrum hluta. Því miður féll niður hluti hans við vinnslu á blaðinu og er hann því birtur hér að nýju í heild sinni. Er höfundur greinarinnar beðinn velvirðingar á þessum mistökum.

Svo sem heiti bókarinnar og lengd gefur til kynna verður bókin frekar að flokkast sem yfirlitsrit en sem flókið fræðirit. Höfundur hefur tekist á hendur það erfiða verkefni, að gefa stutt yfirlit yfir hið að ýmsu leyti flókna en raunhæfa réttarsvið sem vörumerkjarétturinn er. Tæpt er á flestum atriðum, er máli skipta, til að öðlast yfirsýn en þó að sýnu mest áhersla lögð á efnisleg skilyrði vörumerkjaréttar og þá sérstaklega á skilyrði fyrir skráningrhæfi. Þessi efnistöð hljóta að teljast heppileg með tilliti til umfangs bókarinnar enda skilningur á þessum hluta vörumerkjaréttarins nauðsyn til skilnings á vörumerkjaréttinum í heild.

Fyrir þá, sem eru að kynna vörumerkjaréttinn í fyrsta sinn, er það mikill kostur hve afmörkuð bókin er og ekki síður viðaukarnir í bókarlok með lagatextum, Parísarsamþykktinni og vöruskrá. Fyrir lögmenn og aðra lögfræðinga, sem ekki sýsla með vörumerkjarétt dags daglega, er bókin ákaflega handhægt yfirlits- og uppsláttarrit, en í lok hvers kafla er tilvísun til helstu rita, sem þannig nýtist sem lykill að frekari heimildarleit. Þá eykur það mjög á notagildi bókarinnar hversu mjög höfundur styður

mál sitt og skýrir með tilvísunum til dómafordæma, framkvæmd vörumerkjaráttara og úrskurðum áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Þó sýnist gagnrýniverð hvernig framsetningu þessara tilvísana er háttað. Þær eru allar hafðar í neðanmálgreinum. Að viti undirritaðs hefði umtalsverður hluti efnis neðanmálgreinanna betur átt heima í meginmáli. Hið knappa umfang bókarinnar kann þó að hafa mælt gegn því, enda hefði slík uppsetning að öllum líkindum kallað á lengri texta til skýringar á samhengi og til að tengja efni dæmanna umflölluarefninu hverju sinni. Útaf fyrir sig er mjög gott að meginmál sé ekki slitið sundur með tilvísunum, sem ekki er nauðsynlegt að kynna sér, til skilnings á efni bókarinnar. Ég efast hins vegar um að margir muni lesa bókina án þess að lesa efni neðanmálgreinanna jafnóðum og tel að öðru leyti að það sé skýr vísbending um ofnotkun neðanmálgreina þegar þær eru farnar að hera meginmál á einstökum síðum ofurlíði eða jafnvel ryðja því með öllu út.

Það er sérstaklega ánægjulegt þegar lögfræðingar, sem hafa átt þess kost að sérhæfa sig á tilteknum réttarsviðum, miðla þeirri sérþekkingu sinni með ritun fræðigreina og bóka. Bókin Vörumerkjaréttur er þarft og vandað framlag til íslenskrar lögfræði.

Riftun ráðstafana þrotamanns, ákvörðun frestdags o.fl.

hæstaréttardómur frá 26. október 1995

Hinn 26. október s.l. var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í málinu nr. 233/1994, þar sem reyndi á nokkur álitæfni vegna riftunar ráðstafana þrotamanns, þ. á m. um ákvörðun frestdags, málshöfðunarrest og gildi veðsetningar eignar, sem fengin var með riftanlegum gerningi.

Málavextir voru í stuttu máli þeir, að M og K gerðu með sér kaupmála í febrúar 1990, þar sem fasteign M og allt innbú var gert að séreign K. Var innbúið metið í kaupmálanum á kr. 2.000.000.

Gjaldprot – Veðsetning fasteignar

Hinn 12. júlí 1990 fór Í fram á gjaldprotaskipti á búi M á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar, sem fram fór sama dag. Í ágúst 1990 veðsetti K greinda fasteign til tryggingar handhafaskuldabréfi að fjárhæð kr. 8.000.000, en bréfið bar enga vexti og var óverðtryggt. Um sama leyti fluttu M og K til Bandaríkjanna. Úrskurður um töku bús M til gjaldprotaskipta var kveðinn upp hinn 12. nóvember 1990, en M áfrýjaði þeim úrskurði til Hæstaréttar. Engar eignir fundust í búinu en á fyrsta skiptafundi var tekin ákvörðun um að hefja riftunarmál í því skyni að hnekkja kaupmála þrotamanns og K og greindri veðsetningu fasteignarinnar.

Fasteign seld

Í júlí 1991 gerði K kaupsamning um téða fasteign með fyrirvara um samþykki þrotabús M, en í sam-

ingnum var gert ráð fyrir að allar greiðslur kaupanda skyldu færðar sem innborganir á umdeilt veðskuldabréf og skyldi skuldabréfið liggja frammi við útgáfu afsals, áritað um fullnaðargreiðslu og afhent kaupanda til aflýsingar. Þrotabúið gaf ekki samþykki sitt fyrir kaupunum.

Gjaldprotatúrskurður ógiltur

Riftunarmálið gegn K var þingfest hinn 5. september 1991 en var vísað frá dómi að kröfu K, þar sem svo var litið á að málshöfðunarrestur skv. 68. gr. 1. nr. 6/1978 hafi verið liðinn er málið var höfðað. Í febrúar 1992 felldi Hæstiréttur þann úrskurð úr gildi og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Hinn 16. mars 1992 felldi Hæstiréttur hins vegar úr gildi úrskurðinn um töku bús M til gjaldprotaskipta, með þeim rökum, að gjaldprotaskiptabeidni Í hefði ekki verið löglega birt M. Í framhaldi af þeim málalokum var riftunarmálið á hendur K hafið með úrskurði undirréttar, uppkveðnum 27. mars 1992.

Skiptabeidandi ítrekaði beiðni sína um gjaldprotaskipti á búi M, en með úrskurði skiptaréttar, uppkveðnum hinn 15. júní 1992, var þeirri beiðni sýnað. Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi með dómi, uppkveðnum 23. september 1992. Hinn 18. desember 1992 var gjaldprotaskiptabeidni Í, frá 12. júlí 1990, að nýju tekin fyrir og kvað héraðsdómur þann dag upp úrskurð um töku M til gjaldprotaskipta. Þann úrskurð kærði M til

Hæstaréttar, sem vísaði kærinni frá, þar sem útivist hafði verið af hálfu M við fyrirtöku skiptabeidninnar í héraði og hefði M því átt að leita eftir endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi.

Riftun kaupmála – Frestdagur

Hinn 30. mars 1993 var síðan ákveðið á skiptafundi að hefja riftunarmál á hendur K undir sömu formerkjum og fyrra riftunarmálið hafði verið rekið og var það mál þingfest í héraðsdómi hinn 16. júní 1993. K krafðist frávísunar málsins, m.a. með þeim rökum, að málshöfðunarrestur gjaldprotalaga væri löngu liðinn og niðurfelling hins fyrra riftunarmáls kæmi í veg fyrir að þrotabúið gæti höfðað málið að nýju, en þeirri frávísunarkröfu var hafnað. Efnisdómur í héraði var kveðinn upp hinn 14. apríl 1994 og var á því byggt að frestdagur við skiptin væri 12. júlí 1990. Var fallist á að kaupmálinn væri gjafagerningur, sem riftanlegur væri skv. hlutlægi riftunarreglu 1. mgr. 51. gr. gþskl. nr. 6/1978, þar sem sú ráðstöfun var gerð um 4 mánuðum fyrir frestdag og var K dæmd til að afhenda þrotabúi M eignarráð hinnar umdeildu fasteignar. Óvíst var talið að allt innbúið væri undanþegið fjárnámi skv. 1. mgr. 43. gr. aðfararlaga og var K látin bera hallann af því að svo var komið, að ekki var hægt að greina á milli muna, sem undanþágurétturinn tæki til og þeirra, sem falla ættu til þrotabúsins. Var á því byggt að auðgun K næmi helmingi verðmætis innbúsins og var henni

því gert að greiða þrotabúinu kr. 1.000.000 í bætur með vísan til 62. gr. gþskl. nr. 6/1978.

Gildi veðsetningar

Þá var K gert að aflétta veðsetningu skuldabréfsins, þar sem nægilega þótti í ljós leitt að um mála-myndagering væri að ræða. Var vísað til þess, að K hafi verið orðfá um tilurð og afdrif skuldabréfsins og jafnframt litið til óvenjulegra skilmála þess og ráðstafana K á bréfinu í tengslum við kaupsamninginn, sem gerður hafði verið á árinu 1991 með fyrirvara um samþykki þrotabús M. Jafnframt var litið til þess að K lagði bann við því að bróðir hennar, sem hún kvað hafa haft með höndum ráðstöfun bréfsins, upplýsti um afdrif þess og breytti í engu þótt dómurinn beindi tilmælum til K um að hlutast til um að þau atriði yrðu upplýst í samræmi við 2. mgr. 46. gr. 1. nr. 91/1991. Nefndur bróðir K var kvaddur fyrir dóm, en hann sýnaði um skýrslugjöf á grundvelli undanþáguréttar vitnis sökum skyldleika við málsaðila. Leit dómurinn svo á að nægilega væri í ljós leitt, að K hefði ráðstöfunarheimild á bréfinu og ekki væri til að dreifa öðrum, sem í grandleysi leiddi betri rétt af bréfinu. Var K því gert að aflétta veðsetningu nefnds skuldabréfs.

Áfrýjun – Nauðungarsala fasteignarinnar

K áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krafðist frávísunar málsins frá héraðsdómi en til vara sýknu en til þrautavara að aðeins yrði tekinn til greina hluti af kröfum þrotabús M. Tveimur dögum fyrir uppsögu héraðsdóms var umdeild fasteign seld á nauðungarupphöð og í samræmi við hinn áfrýjaða dóm var ekki tekið tillit til veðskuldabréfsins í frumvarpi sýslumanns að úthlutun söluandvirdis eignarinnar. Áður en frestur til að koma að athugasemdum við frumvarpið rann út komu fram mótmæli við það og var gerð krafa í upphöðsandvirdi nefnds veðskuldabréfs. Sýslumaður frestaði að taka afstöðu til þeirrar kröfu

DÓMAR

vegna áfrýjunar málsins af hálfu K. Vegna breyttra aðstæðna féll þrotabúið frá kröfu um afhendingu fasteignarinnar en gerði í þess stað kröfu um afhendingu þess hluta söluandvirdis eignarinnar, sem falla ætti til þrotabúsins að umdeildu veðskuldabréfi frágengnu, en til vara, að K yrði dæmd til að greiða þrotabúinu samsvarandi upphæð í skaðabætur. Að öðru leyti var krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og úrskurðar í héraði um sýnjun á frávísunarkröfu K.

Dómur Hæstaréttar

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt, m.a. endurrit af vitna-

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Ekki þarf að vera um mjög fræðileg skrif að ræða. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentaðar á blað og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þeim, sem hafa áhuga á að senda greinar til blaðsins, er bent á að það kemur út 15. dag janúar, mars, maí, júlí, september og nóvember ár hvert. Purfa greinarnar því að berast til skrifstofu L.M.F.Í. eigi síðar en 1. dag útgáfumánaðar.

Félag lögfræðinga á Vestfjörðum

Þann 15. september sl. komu tíu lögfræðingar af alls 14, sem starfa á Vestfjörðum, saman til fundar á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, að Hrafnseyri við Arnarfjörð, og samþykktu að stofna með sér félag, Félag lögfræðinga á Vestfjörðum. Allir lögfræðingarnir 14 gerðust þó stofnfélagar. Samþykkt voru lög fyrir félagið og stjórn kjörin.

Í lögum félagsins er m.a. kveðið á um að tilgangur félagsins sé að efnna til funda um lögfræðileg mál-efni og efla persónuleg kynni lögfræðinga og stuðla að velferð lögfræðingastéttarinnar. Rétt til að gerast félagar eiga þeir lögfræðingar sem starfa eða starfað hafa á Vestfjörðum. Samkvæmt því eiga nokkrir tugir lögfræðinga rétt á að gerast félagar og eru t.d. úr þeim hópi ellefu sýslumenn, að þeim sýslumönnum með töldum, sem þegar hafa gerst félagar.

Undirrituðum hlotnaðist sá heiður að vera kjörinn fyrsti formaður félagsins, ritari var kjörinn Tryggvi Guðmundsson, lögmaður og gjaldkeri Ríkardur Mátsson, sýslumaður. Varastjórnarmaður var kjörinn Gísli Rúnar Gíslason, fulltrúi sýslumanns.

Frá stofnfundi hefur eitt málþing verið haldið. Þann 1. desember sl. var haldið málþing á Ísafirði, þar sem Kristján Stefánsson, hæstaréttarlögmaður, og Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður, fluttu hugleiðingar sínar um efnið „varnir í opinberum málum“ og urðu í framhaldinu almennar umræður. Fyrr um daginn var málflutningur í sakamáli fyrir héraðsdómi Vestfjarða þar sem fyrirlesarar á málþinginu fluttu sókn og vörn að viðstöddum meirihluta fundarmanna.

Þótt félagar séu aðeins 14, enn sem komið er, er talsverð breidd í hópnun; starfsmenn hins opinbera og sjálfstætt starfandi lögmenn, konur og karlar, ungt fólk og fólk,

sem öðlast hefur meiri reynslu. Af félagsmönnum búa níu á Ísafirði, tveir búa á Patreksfirði og einn í Bolungarvík, á Hólmarvík og á Þingeyri. Til gamans má geta þess að af þeim níu, sem starfa á Ísafirði starfa sjö þar undir sama þakinu eða helmingur félagsmanna, þótt nú sé reyndar að fækka um einn, en skattstjóri Vestfjarða er á förum og óvíst að lögfræðingur verði ráðinn í hans stað.

Gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði fundir í félaginu haldnir tvisvar til þrisvar á ári og að leitað verði við að hafa þá sem viðast um fjórðunginn en ekki bundna við þann stað sem flestir félagsmenn búa á. Þá má vel hugsa sér þegar fram í sækir að einhvern tíma verði efnt til funda utan fjórðungsins eða með öðrum félögum lögfræðinga.

Þótt félagið hafi ekki mikla fjárhagslega burði er það von mín að félagsmönnum muni takast að haga málum svo, að það muni teljast nokkur heiður að flytja fyrirlestra á vegum þess og að þeir, sem til verður leitað, muni meta það nokkurs þótt ekki komi önnur umtalsverð umbun til en þakklæti félagsmanna. Þá reynir ekki síður á félagsmenn sjálfa að sýna áhuga og frumkvæði og telja ekki eftir sér að sækja fundi í félaginu, en sökum fámennis ætti að vera auðveldara að ræða málin til hlítar en á fjölmennari fundum.

Þegar fram í sækir er það von mín að lögfræðingar, og eftir atvikum fyrirverandi lögfræðingar, á Vestfjörðum kynnist á vettvangi félagsins, starfssviði sínu, starfsbræðrum og starfssvæði félagsins betur en ella. Hefur þá stofnun félagsins, sem eftir því sem næst verður komist er fyrsta formlega félag lögfræðinga hérlendis, sem bundið er ákveðnu landssvæði, náð tilgangi sínum.

Breytingar á félagatali

Töluvert margar breytingar hafa orðið á félagatalinu undanfarna mánuði, bæði að því er varðar aðsetur og símanúmer lögmanna og einnig hafa margir nýjrir lögmenn bæst við félagatalið og aðrir lagt leyfi sín til geymslu í dómsmálaráðuneytinu og þar með verið teknir af félagatalinu.

Þessar nafnabreytingar hafa orðið síðustu mánuði:

Ný málflutningsleyfi fyrir héraðsdómi:

Brynhildur G. Flóvenz, hdl., starfar á skrifstofu Jafnréttisráðs og sem framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands.

Elin Árnadóttir, hdl., rekur lögmansstofu með Sif Konráðsdóttur að Klapparsög 25-27, sími 551-1050, bréfsími 551-1041.

Gunnhildur Gunnarsdóttir, hdl., starfar hjá Húsnáðisstofnun ríkisins.

Linda Björk Bentsdóttir, hdl., fulltrúi hjá Eggerti B. Ólafssyni, hdl., Ingólfstræti 3.

Svanhvít Axeldóttir, hdl., fulltrúi á Málflutningsskrifstofunni, Suðurlandsbraut 4 A.

Þórður H. Sveinsson, hdl., rekur eigin stofu að Háaleitisbraut 58-60, sími 533-5200, bréfsími 588-3659.

Ný málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti Íslands:

Guðmundur Kristjánsson.
Gunnar Jóhann Birgisson.
Helgi Jóhannesson.
Ingimundur Einarsson.
Jakob R. Möller.
Sigurbjörn Magnússon.

Eldri leyfi leyst út:
Dögg Pálsdóttir, hrl., Bergstaðastræti 86, sími 551-3260.

Guðmundur Þór Guðmundsson, hdl., starfar hjá Úrlausn-Aðgengi h.f., Bæjarbrauni 8, Hafnarfirði, sími 565-5556, bréfsími 565-5553.


Jón Sigurgeirsson, hdl., Skipholti 50 b, sími 562-3233, bréfsími 562-2330.

Leó E. Löve, hdl., Klapparsög 1.
Magnús Brynjólfsson, hdl., Hafnarstræti 20, sími 552-5590, bréfsími 562-7323.

Eftirtaldir lögmenn hafa verið teknir af félagatalinu:

Árni Míli Jónsson.
Ásta Magnúsdóttir.
Einar Gunnarsson.
Halldór Frímannsson.
Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir.
Jónas Guðmundsson.

Þá hefur einn félagsmaður látist nýlega, Sigurgeir Sigurjónsson, hrl.



30 BINDI Á EINUM DISKI

DÓMA safnið

Hæstaréttardómar 1982-1994

Dómasafnið er árgangar 1982-1994 af dómasafni Hæstaréttar Íslands ásamt leitarkerfi á geisladiski (CD-ROM), alls 30 bækur eða um 26.000 bls. Við texta dómanna hefur verið bætt stutttri efnis lýsingu, 5-20 samræmdum lykilorðum og lagatiltvitunum. Leitarkerfið var sett upp og þróað hjá Prentsmiðjunni Odda hf. í nánari samvinnu við Íslex hf.

25,000 ISK

Nánari upplýsingar hjá Söludeild Odda ÍSLEX í síma 515 5100

Norræna lögfræðingapingið

Norræna lögfræðingapingið, hið 34. í röðinni, verður haldið í Stokkhólmi dagana 21.-23. ágúst næst komandi. Dagskrá þingsins er að vanda mjög fjölbreytileg og athyglisverð. Umræðuefni þingsins eru fjölmörg og á ýmsu réttarsviðum og þurfa þátttakendur að gera upp hug sinn hvaða fyrirlestra þeirra hyggjast hlýða á. Umræðuefnin skv. útsendri dagskrá eru þessi:

- Kodifisering av koncernrätten.
- Idrottens normsystem - etik og juridik.
- Juristutbildningen i en föränderlig värld (framsögumaður verður Björn Þ. Guðmundsson, lagaprófessor og stjórnandi umræðna verður Garðar Gíslason, hæstaréttardómari).
- Unionens och medlemsstaternas kompetens inom EU.
- Nya finansiella instrument - normer och aktörer.
- Generationsskiftets rättsliga problem

- i det moderna samhället.
- Bekämpandet av den organiserade brottsligheten.
- Parallellimport.
- Undersökningskommissioner och andra metoder för granskning av handlingar som väckt offentligt intresse.
- Plikt att i förvaltningsärenden yttra sig om egna och närstaendes straffbara förhållanden (Eiríkur Tómasson, lagaprófessor, verður 2. framsögumaður (ko-referent).
- Förfarandet i skiljetvister (voldgiftsager).
- Bör reglerna om laglott (tvangsarv) och formkrav vid dödsrättshandlingar bevaras?
- Icke-ekonomisk tredjemanskada vid brott.
- Kumulation av sanktioner på skatteområdet.
- Rättssäkerhet i mål om övergrepp mot barn.
- Entreprenörens ersättningskrav och

andra anspråk på grund av förhållanden på beställarens sida.
Juridiska problem i samband med elektronisk överföring av rättshandlingar.
Senildementas och liknande svaga grupperes rättställning.
Arbetsrättsliga problem kring tillfälliga arbetsavtal.
Miljökrav och ekonomisk effektivitet.
Auk hins fagleiga hluta þingsins er einnig boðið upp á sérstaka dagskrá fyrir maka og móttökur ýmsar fyrir þátttakendur, þar sem tækifæri gefst til að blanda geði við aðra ráðstefnugesti.
Nokkur eintök af dagskrá þingsins og eyðublöðum fyrir þáttökutilkynningar hafa verið send til skrifstofu L.M.F.Í. en auk þess er hægt að fá eintök afhent á skrifstofu Hæstaréttar Íslands, hjá Erlu Jónsdóttur, hæstaréttarritara, sem sæti á í stjórn Íslandsdeildar norrænu lögfræðingapingsanna.

Dómasafn Hæstaréttar Íslands á geisladiski

Nú nýverið var gefinn út geisladiskur með dómasafni Hæstaréttar Íslands innanborðs. Útgefendurnir eru tveir, Íslex hf. og Prentsmiðjan Oddi hf. Á disknum eru dómur Hæstaréttar Íslands ásamt héraðsdómum frá árunum 1982 til 1994. Dómasafnið mun vera með fyrstu gagnasöfnum, sem gefin eru út á geisladiski hérlendis. Á disknum er allur texti dómanna birtur en bætt framan við hvern dóm stuttri lýsingu á efni dómsins, atriðisorðum úr dómnum og lagatiltitnum, sem fyrir koma í honum.

Án þess að hafa brúkað diskinn lengi eða kannað notagildi hans með mjög kerfisbundnum hætti sýnist mér gagnsemi hans byggjast fyrst og fremst á öflugum leitarkerfi, sem gerir kleift að finna dóm eftir margvíslegum leitaráferðum. Fyrst skal nefna að hægt er á skömmum tíma að finna alla dóm, sem tiltekin orð, setningarhlutar eða heilar setningar koma fyrir í. Þá má finna dóm eftir nöfnum aðila eða eftir lagagreinum sem vitnað er til. Þá er líka hægt að leita að dómum eftir lögfræðilegum lykilorðum, sem tengjast málinu og mikil vinna hefur auðsýanlega verið lögð í að velja fjölmörg lykilorð fyrir hvern dóm og samræma þau. Hægt er að flétta saman ofangreind leitarkeyri með margvíslegum hætti, t.d. með því að setja mörg leitarkeyri í sömu leitina, jafnt einstök orð í texta, nöfn máláðila, lagatiltitnanir og lykilorð til að þrengja leitina. Eru leitarkeyri þá tengd saman með tengingunum og, eða, ekki eða nærri. Þá má takmarka leitina við tiltekið ár eða önnur tímabil. Raunar skal ekki undan því vikist að greina frá því að þennan fróðleik

hef ég að mestu úr handbók sem fylgir disknum en byggji ekki á eigin reynslu enn.

Leitarkerfið myndar lista yfir þá dóm sem falla að leitarkeyrðum og þann lista er hægt að prenta út eða velja af honum einstaka dóm og skoða þá eða prenta að hluta eða í heild. Þó að ofangreindar skýringar á því, hvernig hægt er að leita í gagnasafninu, kunni að virðast flóknar trúi ég að svo sé ekki í raun. Dómasafnið er ákaflega auðvelt í notkun og frá fyrsta degi er hægt að hafa veruleg not af því. Eftir því sem notandinn kynnist leitarkerfinu betur opnast nýjir möguleikar. Mig grunar að hægt sé að finna dóm út frá smávægilegustu víshendingum og þá getur Dómasafnið sparað eðli máls samkvæmt langvinna leit að dómi, sem óljóst hugboð segir að sé til. Á sama hátt er að sjálfsögðu hægt að leita að dómum um tiltekið efni eða lagagrein, án þess að hafa nokkurn tiltekinn dóm í huga.

Ég hef haft tækifæri til að bera saman íslenska dómasafnið og sambærilega tölvutæka útgáfu á danska UFR-dómasafninu. Sá samburður er íslenska dómasafninu að flestu leyti hagstæður, sérstaklega hvað varðar leitarkeyri, leitarhraða, útlit og auðveldu notkun. Sýnist mér að íslenski diskurinn tilheyrir annarri kynslóð hugbúnaðar en sá danski og ber íslenska dómasafnið þess glögg merki hvað okkar menn á sviði tölvufræða standa framarlega í sínu fagi. Eitt hefur þó danska dómasafnið umfram það íslenska, en það eru stuttar, kjarnytar reifanir, sem fylgja hverjum dómi og er þannig fljótlega að átta sig á forðæmisgildi dönsku dómanna. Mikil bót væri að því ef sams konar

reifanir yrðu settar inn í íslenska safnið. Mætti þar jafnvel leita samstarfs við þá höfunda, sem unnið hafa að útgáfum dómareifana.

Það þarf mikinn kjark og þrek, jafnvel allnokkra þrjúsku, til að hrinda í framkvæmd útgáfu sem þessari hér á landi, þar sem notendahópurinn hlýtur að vera mjög þröngur þó að flestir lögfræðingar noti tölvu að einhverju leyti í störfum sínum. Sýnist það stappa nærri kraftaverki að útgáfa Dómasafnsins skuli vera orðin að veruleika og það án styrkja eða fjárausturs opinberra aðila eftir því sem mér er tjáð. Verðið á Dómasafninu er á hinn bóginn nokkuð látt, en það vekur þó athygli mína að það er bísna sambærilegt við verðið á danska disknum með UFR-safninu þó að markaðurinn þar sé miklum mun stærri.

Í fyrirnefndri handbók, sem fylgir Dómasafninu, er frá því greint að útgefendur ætla ekki að sitja með hendur í skauti, heldur stefna þeir að því að bæta árlega við gagnasafnið þremur eldri árgöngum ásamt nýjasta árgangi dómasafnsins. Er það vel því eftir því sem árgöngunum fjölga því meira eykst notagildi disksins.

Að endingu er að þakka það sem vel er gert og vil ég leyfa mér að fullyrða að öllu þarfari verk á sviði útgáfumála hafa ekki verið unnin hin síðari ár. Takk Íslex og Oddi.

Nú svo þurfa að sjálfsögðu sem flestir að gerast áskrifendur að þessu bráðnaðsynlega hjálparteki til að stuðla að því að útgefendunum þverri ekki móður heldur eflist við hverja dáð, þ.e. útgáfu nýrra árganga.

Myndir úr félagslífinu

Á meistaramóti L.M.F.I. í utanhússknattspyrnu 1995, sem haldið var 29. september s.l., tóku 6 lið þátt. Liðin voru Réttlætið (lið dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur o.fl.), Reynsla og léttleiki, SSTM-International, Grínarafélagið, Kumlverjar og Knattspyrnufélagið Þruman. Sigurvegari mótsins var Reynsla og léttleiki, eftir æsispennandi úrslitaleik við Grínarafélagið. Sama lið sigraði einnig á innanhússknattspyrnumóti félagsins fyrir árinu. Af öðrum markverðum atburðum mótsins má nefna að dómari-liðið, Réttlætið, tapaði öllum sínum viðureignum.



Á myndinni má sjá sigurvegarana, lið Reynslu og léttleika.



Nokkrir gestanna á opnu búsi 6. október s.l., sem baldið var í tilefni af breytingum á búsnæði félagsins.

Sum öryggismál

EIGA að vera í TÆTLUM!

Sífelld fleiri fyrirtæki hafa tekið upp þá vinnureglu að farga mikilvægum gögnum er varða reksturinn, á varanlegan hátt. Undir þetta flokkast tölvuútprentanir úr bókhaldi, ýmsar aðrar útprentanir og minnisblöð og í raun allt sem fyrirtækið hefur ekki áhuga á að óviðkomandi hafi undir höndum, hvort sem er innan eða utan fyrirtækisins.

Frá 10.400,- kr.

Frá einföldum og ódýrum tæturum til gríðarlega afkastamikilla pappírspressa, og allt þar á milli.

Helstu kostir pappírstætara

- Varanleg eyðing mikilvægra gagna.
- Minni fyrirferð á pappírslu.
- Afresturinn úr tætarar er jafnvel notaður í stað hálms í vörusendingum.

góðir pappírstætarar

Egill Guttormsson - Fjölval hf.

Mörkin 1 • Pósthólf 8895 • 128 Reykjavík
Símar: 581 2788 og 568 8650 • Fax: 553 5821

Helstu söluaðilar: Penninn Hallarmúla, Tölvutæki Bókval Akureyri, Bókabúð Brynjars Sauðárkrúkj, BókhláðanÍsafirði